



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA ritgerð
í Sagnfræði**

„Nærpils, nærkjöll, treyja og lífstykki – allt ræflar“

Dánarbú íslenskra ungmenna á árunum 1840 – 1870

Rakel Lind Gísladóttir

Leiðbeinandi: Már Jónsson

Júní, 2023

DEILD HEIMSPEKI, SAGNFRÆÐI OG FORNLEIFAFRÆÐI

„Nærpils, nærkjöll, treyja og lífstykki – allt ræflar“

Dánarbú íslenskra ungmenna á árunum 1840 – 1870

Rakel Lind Gísladóttir

160100 – 2570

Lokaverkefni til BA – prófs í sagnfræði

Leiðbeinandi: Már Jónsson

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði

Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2023

„Nærpils, nærkjöll, treyja og lífstykki – allt ræflar“: Dánarbú íslenskra ungmenna á árunum 1840 – 1870

Ritgerð þessi er 20 eininga lokaverkefni til BA – prófs við deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Rakei Lind Gísladóttir, 2023

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Ritgerð þessi er 20 eininga lokaritgerð til BA – prófs í sagnfræði. Viðfangsefni ritgerðarinnar eru dánarbú 12 ungmenna á aldrinum 18 – 25 ára sem létust á árunum 1840 – 1870. Dánarbú ungmennanna verða greind í fjórum hópum af þremur og verða þau borin saman og kannað hvort einhver munur var á einstaklingum út frá kyni og stöðu í samfélaginu. Var staða ungmennanna valin út frá því hvaða stöðu þau voru flokkuð í í dánarbúum sínum og sömuleiðis staðan sem þau eru flokkuð í á dánarbúsvef Þjóðskjalasafns Íslands. Var ákveðið að skoða bændur, vinnuhjú og unglínga. Til þess að fá betri tilfinningu fyrir ungmennunum og innihaldi dánarbúa þeirra verður æviferill þeirra rakin eftir prestsþjónustubókum, sóknarmannatölum og manntölum. Með því er hægt að sjá með nokkuð nákvæmum hætti hvernig lífnaðarhættir ungmennanna voru og bera það saman við innihald dánarbúanna. Rannsóknin leiðir í ljós að helsta mun dánarbúanna er að finna þegar kemur að jörðum og búfénaði en einnig þegar fatnaður þeirra er skoðaður og gæði hans.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
Markmið og uppbygging.....	6
Heimildir og staða þekkingar.....	7
Val á ungmennum	10
2. Staða ungmenna á árunum 1840 – 1870	12
3. Gripaflokkar dánarbúa	17
4. Samanburðarrannsókn á ungmennum.....	18
Samanburður 1	19
Samanburður 2	23
Samanburður 3	26
Samanburður 4	30
5. Ályktanir	33
6. Niðurstöður	37
Heimildaskrá	39

Töfluskra

Tafla 1: Listi yfir ungmenni.....	11
-----------------------------------	----

1. Inngangur

Hinn 19. febrúar 1868 voru hreppstjórar í Grýtubakkahrepp í Eyjafirði saman komnir til þess að skrifa upp og virða eftirlátnar eigur Helgu Þórarinsdóttur frá Hringsdal. Erfingjar hennar voru tvö alsystkini hennar, Vilborg frá Víkingavatni í Kelduhverfi og Björn á Katastöðum í Núpasveit, ásamt hálfbróður þeirra, Benedikt Pétri frá Rifi á Melrakkasléttu. Báðir bræður hennar voru börn að aldri. Dánarbú Helgu var metið á 50 ríkisbankadali. Útfararkostnaður nam 18 dölum og hún hafði skuldað Oddi Ólafssyni á Hringsdal tvo dali. Við nánari athugun hreppstjóranna reyndist Helga eiga part í jörðinni Þórunnarseli í Kelduhverfi en var þeim ekki kunnugt hver sú upphæð var. Þegar farið verður betur yfir dánarbú hennar á eftir mun sú upphæð skýrast.¹ Ef jörðin er ekki talin með, er dánarbú hennar í samræmi við önnur dánarbú vinnuhjúa sem verða til umfjöllunar hér. Uppsetning dánarbús Helgu er gott dæmi um það hvernig flest dánarbú voru upp sett og verður dánarbú hennar greint betur hér á eftir, um leið og rætt er um aðrar stúlkur á hennar aldri, en Helga var 22 ára þegar hún lést.

Markmið og uppbygging

Markmið þessarar rannsóknar er tvíþætt. Í fyrsta lagi verður varpað ljósi á það hver staða ungmenna á aldrinum 18 – 25 ára var á árunum 1840 – 1870. Hver var hjúskaparstaða þeirra? Hversu mörg þeirra voru flutt að heiman? Voru þau gift eða voru þau einhleyp? Voru þau búin að koma upp sínu eign búi eða búin að ráða sig í vist? Í öðru lagi verða eigur þeirra greindar í von um að komast að því hver munur var á eigum þessara ungmenna. Hægt er að gera þetta með rannsókn á dánarbúum. Hverjar voru eigur fólks? Hvað var líkt og hvað var ólíkt með einstaklingum á sama aldri? Hvaða áhrif höfðu fjölskyldu aðstæður þeirra á möguleika þeirra til þess að koma sér þægilega fyrir í samfélaginu? Var einhver munur á milli kynja? Til þess að geta þetta, verða dánarbú og arfaskipti eftir 12 manna hóp ungmenna tekinn fyrir og greindur. Verða dánarbúin greind í fjórum hópum með þremur ungmennum og lagt á það mat hvort einhver munir hafi verið á þessum ungmennum. Tilgátan er að ekki hafi verið svo mikill munur á dánarbúum ungmenna og að jafnvel þótt munir hafi verið á matsupphæð dánarbúa hafi persónulegar eigur verið nokkurn vegin þær sömu.

Inngangskafli ritgerðarinnar útskýrir það hvað uppskriftir dánarbúa eru. Hvernig voru dánarbúsuppskriftir skrifaðar og hverjir gerðu það? Einnig verður farið út í það hvers vegna

¹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/13. Dánarbú 1868, örk 10, bls. 13: Helga Þórarinsdóttir, uppskrift 19. febrúar 1868.

það skiptir svo miklu máli að skoða dánarbú, enn þann dag í dag. Hvað er það sem fólk getur núna lært af því að lesa 150 – 200 ára gamla lista af veraldlegum eigum einstaklinga sem enginn veit hverjir eru. Farið verður lauslega yfir fyrri skrif um dánarbú og voru þau höfð til hliðsjónar meðan rannsókn stóð.

Öðrum kafla ritgerðarinnar er ætlað að gefa betri tilfinningu fyrir því hvers lags lífi ungmenni gátu lifað á því tímabili sem um ræðir. Markmiðið er að greina betur þær stéttir sem ungmönnum hafa verið úthlutaðar af sýslumanni. Hvernig var það að vera ungur einstaklingur á þessum árum. Hver voru lífsgæði fólks og hverjir voru möguleikar þeirra?

Þriðji kafli ritgerðarinnar er ætlaður til þess að gefa lesanda örlitla innsýn inn í það hvaða gripaflokka má búast við að sjá í dánarbúum ungmennanna og hafa þá betri tilfinningu fyrir hvaða tilgangi þeir gætu hafað þjónað í eftirfarandi dánarbúum.

Fjórði kafli ritgerðarinnar fer svo í það að að greina dánarbú þeirra 12 ungmenna sem hafa verið valin. Gerð verður grein fyrir lífi þeirra fyrir andlát, hvar þau fæddust og hvar þau voru búsett við andlát. Gerð verður grein fyrir því hvenær dánarbú þeirra voru skrifuð upp, hver skrifaði þau upp, hverjir voru viðstaddir uppskrift, hverjir voru erfingjar og ef einhverjar skuldir voru á dánarbúinu verður einnig sagt frá þeim. Dánarbú þeirra verða skoðuð út frá þeim flokkum sem nefndir eru í gögnunum sjálfum, það er bækur, fatnað, búslóðina, búfénaður, land og húsnæði. Ekki öll ungmenni áttu muni í hverjum flokki fyrir sig og með því er betur hægt að sjá muninn á dánarbúum þeirra.

Í fimmta kafla ritgerðarinnar verða dregnar ályktanir um ungmennin út frá því sem fjallað var um í öðrum kafla ritgerðarinnar og einnig dánarbúunum sem skoðuð voru í fjórða kafla. Hugað verður að því hvar ungmennin voru stödd í lífinu þegar þau létust og hver möguleg næstu skref þeirra hefðu getað verið ef þau hefðu ekki látist svo ung.

Niðurstöður ritgerðarinnar reyndust ekki vera þær sömu og haldið var í upphafi. Mikið meiri munur var á dánarbúunum en upprunalega var haldið en nánar verður farið út í það á eftir.

Heimildir og staða þekkingar

Helstu heimildir sem liggja rannsókninni til grundvallar eru dánarbúin. Úr þeim fást mikilvægar upplýsingar um lifnaðarhætti ungmennanna. Öll dánarbú sem verða skoðuð eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Uppskriftir dánarbúa, sem vanalega eru einfaldlega kölluð dánarbú, eru með bestu heimildum nútímans til þess að öðlast innsýn inn í líf fólks. Verða bæði

MA – ritgerð og doktorsritgerð Önnu Heiðu Baldursdóttur hafðar til hliðsjónar. Már Jónsson, sem hefur rannsakað þessi dánarbú hvað mest, áætla að skjölin innihaldi á þriðja tug þúsunda dánarbúa Íslendinga frá árunum 1741 – 1900, en meirihluti þeirra er frá árunum 1831 – 1870.² Á þessum árum var ekki skylda að skrá niður öll dánarbú, aðeins ef erfingjar hins látna voru ómyndugir, fjarverandi eða ef erfingjar voru ekki afkomendur þess látna. Í flestum tilfellum átti það að vera sýslumaður sem mætti á heimili eða vist þess látna, til þess að verðmeta eigurnar. Ef sýslumaður komst ekki á staðinn til að meta dánarbúið sendi hann í sinn stað tvo hreppstjóra eða aðra betri bændur, því ekki mátti líða of langur tími frá andláti og þar til búið var skrifað upp.³ Af þeim 12 dánarbúum sem rannsökuð voru, var ekkert skrifað af sýslumanni en 6 af hreppstjórum og 5 af bændum eða öðrum betri mönnum. Eitt dánarbú var skrifað í Reykjavík og skrifuðu lögregluþjónar það.

Dánarbúin voru flest sett upp með sama sniði. Fyrst var byrjað á því að skrifa niður hvar og hvenær dánarbúið var skrifað og hverjir voru viðstaddir, svo sem erfingjar. Því næst voru skráðar eigur þess látna. Í þeim dánarbúum sem hér voru nýtt var röðin oftast: Bækur, fatnaður, sængurföt, búslóðin, og fasteign en þó gat uppröðun verið mismunandi. Í lokin var heildarupphæð dánarbúsins tekin saman og ef einhverjar skuldir voru á dánarbúinu voru þær tilgreindar en skuldir voru ekki greiddar fyrr en eftir að búið var að skipta dánarbúinu. Voru öll dánarbúin sem skoðuð voru metin í ríkisbankadöllum og skildingum. Mikill munur gat verið á því hversu nákvæmar lýsingar voru á eigum þess látna. Stundum er til dæmis nákvæm lýsing á fatnaði og tekið fram hvaða efni, hvaða litur og í hvaða ástandi flíkin var í. Aðrir létu sér nægja að ef til vill segja aðeins örfá orð, jafnvel bara eitt.⁴ Dæmi um nákvæma lýsingu gefur að líta í dánarbúi Astronomíu Ingibjargar Eymundsdóttur, sem lést árið 1849 en þar segir að í dánarbúi hennar hafi verið „Upphlutspils blátt brúkað af rósaflauei og 10 silfurmillum með 20 laufum“⁵ Í dánarbú Jóhannesar Brynjólfssonar, sem lést árið 1852 var aftur á móti ekkert verið að flækja málin og í einni færslunni segir aðeins „buxur.“⁶ Vert er að hafa í huga þegar verið er að lesa í gegnum dánarbú, að þeir munir sem skráðir hafa verið niður, eru ekki alltaf

² Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1749 – 1900: Lagalegar forsendur og varðveisla“ í *Saga* 1. tölublað (2012): 78 – 103.

³ Sama heimild.

⁴ Anna Heiða Baldursdóttir. *Eigurnar koma svona fyrir. Efnismenning borgfírskra dánarbúa á 19. öld – Varðveisla og miðlun hennar í Þjóðskjalasafni Íslands*. MA – ritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands 2016. bls 9 – 10.

⁵ Þí. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/9. Dánarbú 1849, örk 7, bls. 28: Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir, uppskrift 22. febrúar 1849.

⁶ Þí. Sýsluskjalasafn. Ísafjarðarsýsla ED2/2. Dánarbú 1851, örk 1, bls. 40: Jóhannes Brynjólfsson, uppskrift 1852.

fullkominn listi yfir eigur fólks. Þar má meðal annars nefna að í mörgum dánarbúum vinnuhjúa og unglinga eru engar færslur sem innihalda t.d. borðbúnað eða rúmföt. Nánar verður farið út í þetta atriði í þriðja kafla ritgerðarinnar.

Notast var við prestsþjónustubækur, sóknarmannatöl og manntöl til þess að fá enn betri tilfinningu fyrir því hvernig daglegt líf ungmennanna var. Prestsþjónustubækur veita upplýsingar um það hvenær viðkomandi ungmenni fæddust, hvenær þau voru skírð, hverjir foreldrar þeirra voru og hvort þau hafi verið gift eða hvort viðkomandi hafi verið óskilgetið barn. Þær sýna einnig fermingardag og þá hafa prestar oft punktað hjá sér hvernig hegðun var og hver lestrarkunnátta var. Hjónavígslur voru einnig skráðar niður ásamt því hverjir fluttu bæði inn og út úr sýslunni en jafnframt hverjir létust. Sóknarmannatöl sýna hverjir voru búsettir með ungmennunum þegar þau létust; það er hvort það voru foreldrar, systkini, maki eða barn. Oft var líka gott að hafa þau til hliðsjónar þegar verið var að skoða eigur tiltekins einstaklings, sérstaklega ef ákveðnir hlutir voru hvergi sjáanlegir í dánarbúi eins og t.d. rúmföt, askur eða annað slíkt. Í einhverjum tilfellum tókst illa að staðsetja fólk í sóknarmannatölum og prestsþjónustubókum. Þá kom manntalsvefur Þjóðskjalasafns að góðum notum. Manntalsvefur er gagnagrunnur sem inniheldur manntöl frá 1703 – 1920. Gagnagrunnar Þjóðskjalasafns Íslands, það er dánarbúsvefur, vefsja kirkjubóka og manntalsvefur, sem þróaðir hafa verið í samstarfi við hina ýmsu fræðimenn, reyndust einstaklega vel við rannsókn og skrif ritgerðarinnar og auðvelduðu verkið til muna.⁷

Ásamt þeim heimildum sem nefndar hafa verið hér að ofan bætast við bækur og skrif sem tengjast viðfangsefni rannsóknarinnar, sem fundust á meðan rannsóknarvinnu stóð. Má nefna bók Guðmundar Jónssonar frá 1981 og ber hún heitið *Vinnuhjú á 19. öld*. Reyndist sú bók dýrmæt þegar kom að því að skilja betur líf og aðstæður vinnuhjúa.⁸ Einnig reyndist bókin *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli o.f. í Danaveldi og nokkrum öðrum ríkjum* einstaklega vel við að ná áttum varðandi gjaldmiðla á 19. öld.⁹ Már Jónsson hefur skrifað þó nokkrar bækur og greinar um dánarbú. Má nefna grein sem kom út í *Sögu* árið 2012 þar sem hann gefur mjög góða lýsingu á því hvernig dánarbúin ganga fyrir sig, helstu rannsóknir á þeim og hver notkun þeirra er bæði hér á landi og erlendis. Voru skrif hans ekki aðeins notuð sem heimildir í þessari ritgerð en einnig sem innblástur til að koma rannsókn þessari sem best til skila.¹⁰

⁷ Sjá www.danarbu.skjalasafn.is og www.vefsja.skjalasafn.is og www.manntal.is

⁸ Guðmundur Jónsson. *Vinnuhjú á 19. öld*. (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1981).

⁹ Halldór Guðmundsson. *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli o.f. í Danaveldi og nokkrum öðrum ríkjum* (Reykjavík: Prentað í Prentsmiðju landsins á kostnað E. Jónssonar, 1850). bls 7.

¹⁰ Már Jónsson „Skiptabækur og dánarbú 1740 – 1900.“bls 78 – 103.

Einnig voru bækurnar *Sterbúsins fémunir framtöldust þessir, Fyrirfundnir fémunir í Vestmannaeyjum á fjórða áratug 19. aldar* og *Þessi sárfátæka sveit* einnig hafðar til hliðsjónar.¹¹

Urður Egilsdóttir skrifaði vorið 2021 BA – ritgerð um makaval í Hítarnesþingum á árunum 1840 – 1854. Þar notaði hún manntöl og prestsþjónustubækur til þess að rekja lífsferil 48 hjóna í Hítarnesþingum og til þess nýtti hún sér manntöl og prestsþjónustubækur og þaðan fengust nokkuð nákvæmar upplýsingar um þau pör sem til umfjöllunar eru í ritgerð hennar. Svipaðar aðferðir verða notaðar hér.¹²

Val á ungmennum

Varðveist hafa um 550 dánarbú ungmenna á aldrinum 18 – 25 ára um land allt sem létust á árunum 1840 – 1870. Hér verða dánarbú 12 ungmenna sérstaklega tekin fyrir. Þessar upplýsingar fást inn á dánarbúsgrunni Þjóðskjalasafns Íslands. Eins og fyrr segir eru á þriðja tug þúsunda dánarbúa varðveitt á Þjóðskjalasafni en ekki eru mörg þeirra eru aðgengileg á Skjalavef Þjóðskjalasafns enþá svo tíðar heimsóknir í lestrarsal Þjóðskjalasafnsins voru stór partur af rannsóknarvinnu.¹³

Kynjaskiptingin er jöfn, 6 stúlkur og 6 drengir. Einnig verður skipting eftir stöðu þeirra jöfn og þrír hópar skoðaðir, það er bændur, vinnuhjú og ungmenni sem enn bjuggu heima hjá foreldrum sínum. Ungmennin voru úr sjö sýslum, Þingeyjarsýslu, Skaftafellssýslu, Reykjavík, Suður – Múlasýslu, Norður – Múlasýslu, Ísafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu.¹⁴

Einhvern vegin þurfti að fækka ungmennunum úr 550 niður í 12 manns. Öll ungmennin er hægt að finna inni á dánarbúsvef Þjóðskjalasafns Íslands Til þess að auðvelda valið, afhenti Már Jónsson mér upprunalega útgáfu gagnagrunnsins í excel – skjali, þar sem búið var að flokka í þau ártöl sem þurfti í rannsóknina og þann aldur sem þurfti. Einfaldaði þetta mjög ferlið. Á dánarbúsvef er reyndar hægt að notast við ýmsar síur og fá til dæmis upp sama lista og excel – skjalið innihélt, en þegar verið er að fara yfir svo marga einstaklinga í einu, þótti betra að hafa allan hópinn á skjánum, líkt og í excel – skjali.

¹¹ Már Jónsson, *Sterbúsins fémunir framtöldust þessir. Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722 – 1820* og Már Jónsson, *Fyrirfundnir fémunir í Vestmannaeyjum á fjórða áratug 19. aldar* og Már Jónsson, *Þessi sárfátæka sveit. Lausafjäreign í Grindavík og Krýsuvík árin 1773 – 1824.*

¹² Urður Egilsdóttir. „*Að konuefnið kynni að breyta ull í fat og mjólk í mat*“ *Makaval í Hítarnesþingum 1840 – 1854.* BA – ritgerð í Sagnfræði, Háskóli Íslands 2021.

¹³ Sjá www.danarbu.skjalasafn.is

¹⁴ Sjá www.danarbu.skjalasafn.is

Næst þurfti að byrja að útiloka. Fyrst var flokkað í stúlkur og pílta, stúlkurnar voru skoðaðar fyrst. Í heildina voru þær 189 talsins. Ákveðið var að einblína á ungt fólk sem skráð hafði verið sem bóndi, vinnuhjú eða unglingur í dánarbúum sínum og við það lækkaði talan strax niður í 130 stúlkur. Voru stúlkurnar valdar með því að skoða þær sem höfðu lágt metið dánarbú og svo færa sig hærra og hærra. Endaði það svo með því að valdar voru 6 stúlkur. Tvær þeirra voru 18 ára þegar þær létust, og ein á hverju ári frá 22 – 25 ára. Sama var gert með drengina sem voru 359 í heildina. Eftir að búið var að sigta út alla þá drengi sem ekki voru bændur, vinnuhjú eða unglingar voru 227 eftir. Tók það því örlítið lengri tíma að fækka þeim niður í 6 drengi. Í lokin stóðu eftir einn drengur 18 ára, einn 19 ára, einn 21 árs, einn tveir 22 ára og einn einn 23 ára. Þarna voru þá komin 12 ungmenni sem þörfu voru saman til þess að geta skoðað þau í ákveðnum hópum. Voru hóparnir settir saman með það í huga að hafa einn ungling, einn bónda og eitt vinnuhjú saman í hóp og hvort kyn haft út af fyrir sig. Reynt var að hafa þau á eins svipuðum aldri og hægt var. Taflan hér fyrir neðan sýnir hvern hóp fyrir sig með nafni, skráðri stöðu, aldri og mati á dánarbúi.

Tafla 1: Listi yfir ungmenni

Nafn	Skráð staða	Aldur	Mat
Jóhanna Jónsdóttir	Unglingur	18	22
Helga Þórarinsdóttir	Vinnuhjú	22	238
Vilborg Pálsdóttir	Bóndi	25	1767
Jón Hákonarson	Vinnuhjú	23	13
Einar Nikulásson	Bóndi	22	82
Eiríkur Rafnkelsson	Unglingur	18	166
Oddfríður Pálsdóttir	Vinnuhjú	23	36
Munnveig Stefánsdóttir	Bóndi	24	54
Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir	Unglingur	18	124
Jóhannes Brynjólfsson	Vinnuhjú	19	21
Metúsalem Árnason	Bóndi	22	157
Jón Kristjánsson	Unglingur	22	449

Eins og sést á töflunni hér að ofan er mat á dánarbúum ungmennanna gríðarlega ólík. Lægsta dánarbúið er metið á 13 rbd hjá ungum dreng sem var vinnuhjú og langhæst metna dánarbúið er hjá ungri stúlku sem skráð er sem bóndi og er dánarbú hennar metið á 1767 rbd. Markmiðið

hér er að varpa ljósi á það hver helsti munur dánarbúanna er og sýna hvar helsti munur þeirra liggur. Það er í raun og veru örfáir hlutir sem verða til þess að sum dánarbú eru metin hærra en önnur, og verður nánar farið í það hér á eftir. Jóhanna, Helga og Vilborg verða skoðaðar saman. Jón Hákonarson, Einar og Eiríkur verða skoðaðir samam. Oddfríður, Munnveig og Astronomía verða skoðaðar saman og Jóhannes, Metúsalem og Jón Kristjánsson verða skoðaðir saman. Var ákveðið að hafa hópaskiptingu eins og hún er því þannig er sem mestur munur á verðmati dánarbúanna því líklegra er að fá nákvæmari niðurstöður en ef dánarbúunum hefði verið raðað upp með þeim sem hafa svipað verðmat.

Áður en farið verður yfir innihald dánarbúanna er rétt að kynnst ungmennunum sem um ræðir. Verður byrjað á því að segja frá lífsferli þessara einstakling eins og hann birtist í prestsþjónustubókum, sóknarmannatölum og manntölum. Mismunandi var hversu miklar upplýsingar fengust um hvert ungmenni fyrir sig. Þegar rannsóknarvinna var langt komin og búið var að skoða og greina dánarbú ungmennanna og verið var að skoða prestsþjónustubækur og sóknarmannatöl til þess að afla frekari upplýsinga um þau kom í einhverjum tilfellum upp ákveðið misræmi í skráningum. Sum ungmennin eru ekki með sömu skráningu á dánarbúsgrunn og þau eru með í prestsþjónustubókum eða sóknarmannatölum. Þá er átt við misræmi í aldri, eða stöðu sem skráð hefur verið í dánarbúi annarsvegar og prestsþjónustubók og sóknarmannatali hinsvegar. Þegar andlát voru skráð niður í prestsþjónustubækur er alltaf tilgreint nafn, búseta og aldur fólks. Í einhverjum tilfellum er dánarorsök einnig skráð og líka staða. Í einhverjum tilfellum stemmdi staða og jafnvel aldur ungmenna ekki við það sem fram kemur á dánarbúsvef og kemur fram í prestsþjónustubók en hefur þá öðru orðalagi verið breytt og misræmi í aldri var ekki meira en eitt ár. Verður ekki farið náið út í þau misræmi því bersýnilega var ekki sami einstaklingur sem skrifaði dánarbú og skrifaði í prestsþjónustubók eða sóknarmannatal.

2. Staða ungmenna á árunum 1840 – 1870

Hér verður skoðað hvernig vinnumennskan var hluti af lífsferli fólks á 19. öld. Ungmenni fóru í vist á táningsaldri. Bæði voru ungmenni sem enn áttu foreldra að skrá sig í vist, en í flestum tilfellum hjá þeim ungmennum sem hér verður rætt um, höfðu þau misst foreldra sína þegar þau voru ung og þar af leiðandi þurft að skrá sig í vist á nálægum bæ. Markmið þeirra flestra var eflaust að hætta síðan vinnumennsku, ganga í hjónaband og stofna sitt eigið bú. Nokkur af

ungmennunum höfðu nú þegar náð þeim áfanga þegar þau létust og sum þeirra jafnvel tiltölulega ný búin að ganga í hjónaband.

Á 19. öld voru lög í gildi um vinnuhjú sem sögðu til um að allir þeir sem höfðu náð 16 ára aldri og ekki voru búsett á heimilum foreldra, voru sjálf komin með bú eða höfðu ekki leyfi til hús – eða lausamennsku, skyldu ráða sig í vist sem vinnuhjú hjá bændum í eitt ár í senn. Lög þessi urðu til þess að stöðugt framboð var á ódýru vinnuafli sem var einstaklega hentugt fyrir bændasamfélagið. Lög þessi innihéldu margar reglur sem bæði áttu við um vinnuhjú en einnig um bændur sem voru með vinnuhjú á bæ sínum. Má þá nefna að ef vinnuhjú gat ekki unnið þá vinnu sem um var samið mátti bóndi losa sig við vinnuhjúið. Að sama skapi átti bóndi að sjá til þess að vinnuhjú sín fengu nægan mat og útvega rúmfatnað og annað, eftir því sem venjan var í viðkomandi sveit. Laun vinnuhjúa voru ákveðin í samráði á milli bónda og hjúa. Eru þetta aðeins nokkur dæmi um þær reglur sem í gildi voru í tengslum við vinnuhjú en alls voru 32. greinar í tilskipuninni um vinnuhjú.¹⁵ Á 19. öld voru vinnuhjú um fjórðungur íslensku þjóðarinnar og næst fjölmennasta stétt íslenska samfélagsins á eftir bændum. Af þeim rúmlega 550 ungmennum sem létust á árunum 1840 – 1870 eru 239 þeirra skráð sem hjú. Á seinni hluta 19. aldar er áætlað að um 35 – 40% Íslendinga á aldrinum 15 ára og eldri hafi verið vinnuhjú. Vinnumennska var ein aðal undirstaða landbúnaðar á 18. og 19. öld og meirihluti bænda hefði annars ekki getað haft undan allri þeirri vinnu sem felst í búskap.¹⁶ Í umræðunni um vinnuhjú vilja einhverjir fræðimenn oft meina að vinnumennskan hafi verið nokkurs konar þrælahald.¹⁷ En svo var ekki raunin. Vistarbandið átti rætur sínar að rekja til þess að gæta hagsmuna bændastéttarinnar. Ójöfn skipting var á jarðnæði og því gátu ekki allir stofnað eigið bú. Því voru margir sem skráðu sig í vist á annara manna bæjum. Vistarbandið kom til sögunnar til þess að minnka lausamennsku og þurrabúðarfólk og sjá til þess að bændur gætu fengið það vinnuafli sem þeir þörfuðust til að halda uppi búi sínu. Þegar hugsað er um vistarbandið á þennan hátt er erfitt að ætla að bera það saman við þrælahald, en það má líklegast rekja það hugarfar til þess að í einhverjum tilfellum hafi húsráðandi ekki uppfyllt skyldur sínar þegar kom að því að hugsa um vinnuhjú sín.¹⁸ Tilskipunin um vinnuhjú gat verið ströng og margar reglur sem vinnuhjú þurftu að framfylgja. Í 17. grein tilskipunarinnar segir að enginn annar megi gera verk hjúa nema með leyfi húsbónda. 27. grein tilskipunarinnar er listi yfir tólf mismunandi atvik þar sem leyfilegt er að reka vinnuhjú og má þar nefna að ef vinnuhjú drekkur

¹⁵ *Lovsamling for Island XIX*, Kaupmannahöfn, 1885, bls. 386 – 395.

¹⁶ Guðmundur Jónsson. *Vinnuhjú á 19. öld*. bls 7.

¹⁷ Vilhelm Vilhelmsson. *Sjálfstætt fólk: vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld* (Reykjavík: Sögufélag, 2017).

¹⁸ Guðmundur Jónsson. *Vinnuhjú á 19. öld*. bls 22 – 23.

of mikið og getur ekki unnið. Ef vinnuhjú leggur hönd á húsráðendur eða aðra búsetta á bænum og ef hjúið sýnir þrjúsku gagnvart húsbónda sínum. Mega þetta alveg teljast strangar reglur, en hugsa þarf til þess að nánast sömu reglur gilda á vinnustöðum landsins í dag og ekki flokkast þau störf til þrælshalds.¹⁹

Í bók sinni *Family and Household in Iceland 1801 – 1930* fjallar Gísli Ágúst Gunnlaugsson um lýðfræðilegar og félagslega – efnahagslega þróun á fjölskyldu og heimilislífi íslendinga á 19. öld og byrjun 20. aldar. Þar talar hann um að árið 1834 hafi ný fátækralög tekið skýrar grein fyrir því hvernig sveitastyrkur var veittur. Notast var við tvær aðferðir. Fyrsta aðferðin var að einstaklingar voru teknir inn af bændum og notaðir sem vinnuafl þar. Þarna er verið að vísa til niðursetninga frekar en til vinnuhjúa. Hin aðferðin sem notast var við var að veita styrk til fátækra bænda svo þeir gætu haldið búskap sínum áfram. Algengara var að notast við fyrri aðferðina því erfitt gat verið að styrkja heila fjölskyldu. Í versta falli, ef það gekk ekki upp, var fjölskyldum stíað í sundur og allir meðlimir fjölskyldunnar voru sendir í vist á aðra bæi. Með því, var hægt að sporna við offjölgun, bæir voru tæmdir svo aðrar fjölskyldur sem líklegri voru til þess að standast búskap fengu húsnæði. Óvinnufærir einstaklingar urðu niðursetningar á nálægum bæjum. Þeir einstaklingar sem enn voru ungir og voru vinnufærir voru látnir ráða sig í vist og urðu þar með vinnuhjú, sem gat komið sér vel fyrir bændur sem þurftu auka vinnufólk.²⁰ Í fyrstu skráningu sem finnst um Oddfríði Pálsdóttur, 23 ára vinnuhjú, er hún skráð sem niðursetningur og er því möguleiki á því að hennar tilfelli sé svipað og það sem Gísli fjallar um í sínum skrifum.

Á heimilum unglinganna, sem enn voru búsett í heimahúsum er áberandi að í flestum tilfellum eru færri vinnuhjú skráð á þeim bæjum miðað við aðra bæi í kring. Ef ungmenni voru skráð sem unglingar á heimilum foreldra sinna, var ekki eins mikil þörf fyrir það að ráða vinnuhjú. Ef börn húsráðenda voru orðin nógu gömul til þess að vinna, var einfaldara að nota þau sem vinnuafl í stað þess að ráða inn utanaðkomandi einstaklinga. Þetta á ekki aðeins við um unglingana, heldur einnig um þau ungmenni sem skráð voru sem bændur. Metúsalem Árnason er gott dæmi. Á þeim árum sem Metúsalem var búsettur hjá foreldrum sínum að Hrapstöðum í Hofssókn, var aldrei neitt vinnuhjú skráð til húsa á þeirra býli fyrr en í manntalinu 1850. Þá var til húsa hjá þeim ein vinnukona og einn vinnumaður, ásamt einu tókubarni og föður hans, sem eflaust var nýttur sem vinnuhjú. Í manntalinu 1855 er Metúsalem

¹⁹ *Lovsamling for Island XIX*, Kaupmannahöfn 1885, bls. 386 – 395

²⁰ Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Family and Household in Iceland 1801 – 1930* (Uppsala: Uppsala universitet, 1988), bls 94 – 95.

fluttur á annan bæ og faðir hans giftur annarri konu. Á bænum eru þá skráð hjónin Árni Magnússon og Guðrún Sveinsdóttir og Þórunn Björnsdóttir, stjúpdóttir bóndans. Magnús Árnason, sonur bóndans og vinnumaður, Guðfinna Magnúsdóttir kona hans og barn þeirra Sigríður Magnúsdóttir sem er aðeins árs gömul. Og í lokin eru skráð tvö tókubörn, annað 15 ára og hitt 7 ára. Eldra tókubarnið var eflaust nýtt sem vinnuhjú og sömuleiðis það yngra, sem fékk líklegast fékk ekki eins erfið störf. Manntalið 1860 er í fyrsta skipti sem vinnumaður er skráður á bænum, en sá maður er tókubarnið sem var skráð manntalið 1850.²¹ Á fjölskyldu Metúsalems er hægt að sjá hvernig bændur slepptu því oft að ráða inni vinnuhjú og í staðinn nýttu sér það vinnuafli sem nú þegar var á heimilinu, börnin. Er þetta bara eitt dæmi af ótal mörgum sem hægt væri að nefna.

Á meðan vinnumennsku stóð var ungt fólk líklegt til þess að kynnast maka sínum. Má þar nefna Munnveigu Stefánsdóttur sem kynntist eiginmanni sínum á meðan hún vann sem vinnuhjú á bænum Eyvindará í Eiðasókn.²² Þegar verið er að skoða hjúskaparstöðu á 18. og 19. öld, er lengi hægt að velta því fyrir sér hvort hjónaband hafi verið vegna ástar, eða vegna fjárhagslegra hagsmuna. Grein Gísla Ágústs Gunnlaugssonar, „Ást og hjónaband á fyrri öldum“ frá 1988 er góð undirstaða þess að reyna að skilja makaval Íslendinga á 19. öld. Þar fer Gísli yfir erlendar rannsóknir á sviði makavals og spyr sig: „hvaða áhrif hafði ást á makaval á Íslandi á 19. öld?“ Hugtökin „ást“ og „rómantik“ voru ekki í fyrirrúmi þegar hugleiðingar um hjónaband voru til staðar. Telur Gísli að aldursmunur hjóna á Íslandi hafi bent til þess að um hagsmunasamband sér að ræða.²³ Í einhverjum tilfellum gat það vissulega verið raunin, en oftast en ekki var þá um annað hjónaband að ræða. Sigurður Gylfi Magnússon segir í bók sinni *Menntun, ást og sorg* að ástin hafi spilað nokkurt hlutverk í makavali á seinni hluta 19. aldar en að ekki sé hægt að útiloka það að þjóðfélagsstaða foreldra hafi spilað inn í makaval. Segir hann einnig að sorgin hafi haft sitt hlutverk á ástinni en há dánartíðni var á Íslandi á þessum árum.²⁴ Samkvæmt Hagskinnu var næst algengasti aldur stúlkna við giftingu 20 – 24 ár á árunum 1856 – 1870 á meðan drengir voru frekar að ganga í hjónaband 25 – 29 ára gamlir. Nokkrar stúlkur voru að giftar á aldrinum 15 – 19 ára en engir drengir voru að gifta sig á þeim

²¹ Sjá www.manntal.is

²² ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Suður – Múlasýsla ED2/13. Dánarbú 1860, örk 7, bls 3: Munnveig Stefánsdóttir, uppskrift 29. september 1860.

²³ Gísli Ágúst Gunnlaugsson. “Ást og hjónaband á fyrri öldum : um ástina og hjónabandið í erlendum sagnfræðirannsóknum og íslensku samfélagi 1780-1900.” *Ný saga : tímarit Sögufélags* (1988). bls 76 – 87.

²⁴ Sigurður Gylfi Magnússon. *Menntun, ást og sorg : einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 1997. bls 245 – 264.

aldri.²⁵ Passa þær tölur nokkuð vel við þau ungmenni sem valin voru hér og voru gift. Af þremur giftum ungmennum voru þau öll eldri en 20 ára þegar þau létust. Sá yngsti var 22 þegar hann lést, einn var 24 ára og sú elsta var 25 ára.

Prestsþjónustubækur, sóknarmannatöl og manntöl sýna að ungmennin tólf bjuggu við mjög ólíkar aðstæður. Einhver þeirra fæddust inn í hefðbundna kjarnafjölskyldu. Foreldrar þeirra voru giftir, áttu sitt bú og stýrðu því, áttu börn og á stærri búum voru þau með vinnuhjú. Í einhverjum tilfellum var það ekki svo og voru ungmennin þá sett í fóstur á öðrum bæjum. Er þá líklegt að foreldrar þeirra hafa verið látnir eða í einhverjum tilfellum var barnið óskilgetið og það ástæðan fyrir því að barnið er í fóstri. Vilborg Pálsdóttir er dæmi um unga stúlku sem fæddist inn í vel setta fjölskyldu. Foreldrar hennar voru hjónin Páll Þórarinsson og Guðrún Gunnarsdóttir í Þórunnarseli í Garði í Kelduhverfi.²⁶ Jón Hákonarson var aftur á móti ekki í foreldrahúsum þegar hann var að alast upp. Þegar Jón var 4 ára árið 1835 var hann tökubarn á bænum Lónseyri í Snæfjallasókn. Árið 1845 var hann skráður sem uppálfingur bóndans að Hamri í Kirkjubólssókn.²⁷ Jón lést þegar hann var 23 ára gamall og var hann þá skráður til húsa að Laugalandi í Kirkjubólssókn á Langadalströnd.²⁸

Dánarorsakir ungs fólks á þessum árum voru eins fjölbreyttar og þau eru mörg. Há tíðni dauðsfalla var á fólki á öllum aldri og er það eitt af því sem einkennir sveitasamfélagið á 19. öld. Mikill fjöldi sjúkdóma reið yfir landið og má þar helst nefna taugaveiki, berkla og barnaveiki. Sjúkdómar sem þessir smituðust auðveldlega á milli manna og má rekja það til þess að mikil óhreynindi voru til staðar á heimilum fólks og sóttvarnir voru ekki eins þróaðar og þær eru í dag, ef taka má mið af þeim gríðarlegu sóttvörnum sem þekkjast í dag eftir til dæmis Covid 19 faraldurinn.²⁹ Stúlkurnar sem hér verða til umræðu létust oftast en ekki af sjúkdómum sem ekki voru læknanlegir á þessum tíma. Ekki var alltaf nefnt hvers kyns sjúkdóm viðkomandi stúlka lést úr, en til dæmis var tekið fram að Helga lést úr brjóstveiki og Astronomía lést úr meinsótt. Af sex stúlkum er vitað að fjórar þeirra létust vegna veikinda. Nokkrar af þeim sem ekki lentu í úrtakinu létust eftir fæðingu barns, samdægurs eða nokkrum mánuðum seinna. Möguleiki er á því að Munnveig hafi einnig látist í tengslum við fæðingu, betur verður farið í það á eftir. Algengasta dánarorsök drengja var svo drukkun. Líklegast voru margir þeirra

²⁵ Guðmundur Jónsson, Magnús S. Magnússon, and Hallgrímur Snorrason. *Hagskinna : sögulegar hagtölur um Ísland = Icelandic historical statistics*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997. bls 154.

²⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Garður í Kelduhverfi BA/1-1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1846. bls 21.

²⁷ Sjá á www.manntal.is

²⁸ ÞÍ. Kirknasafn. Kirkjubólsping – Prestakall BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1859. bls 242.

²⁹ Sigurður Gylfi Magnússon. *Menntun, ást og sorg*. bls 171.

farnir að sækja á sjó og af þeim 6 drengjum sem teknir verða fyrir hér á eftir drukknuðu a.m.k. 3.³⁰ Ekki fundust upplýsingar um dánarorsakir hinna drengjanna.

3. Gripaflokkar dánarbúa

Áður en farið verður í samanburð á innihaldi dánarbúa ungmennanna, er réttast að tala ræða um helstu hluti sem hægt er að finna í dánarbúum þeirra. Er þá verið að tala um þá flokka sem aðeins voru nefndir áðan; jarðir, bústofn, búslóð og bókaeign og loks fatnaður. Til eru aðrir gripaflokkar sem finna má í dánarbúum eins og laus viður, en ekki verður farið nánar út í hann þar sem ekkert slíkt fannst í dánarbúum ungmennanna.

Í öllum dánarbúum mátti finna eitthvað magn af fatnaði, fólk þarf jú að klæðast fötum dagsdaglega og var það jafnframt eini gripaflokkurinn þar sem öll ungmennin áttu eitthvað. Mismunandi var þó eftir ungmennunum hversu mikinn fatnað mátti finna í dánarbúum þeirra og gæðin gátu verið mismunandi. Í dánarbúi Astronomíu kemur til dæmis fram að hún hafi átt „Nærpils, nærkjól, treyju og lífstykki – allt ræflar“ en einnig mátti finna finni föt í dánarbúi hennar eins og upphlutspilsíð sem áður hefur verið nefnt. Í dánarbúum drengjanna er ekki farið svo nákvæmt út í ástand flíkanna en helst er tekið fram að flíkin hafi annaðhvort verið ný eða brúkuð. Engir „ræflar“ fundust í dánarbúum þeirra.³¹

Af búslóðum ungmennanna voru ekki öll sem áttu muni þar. Algengast var að eiga kistu eða kómmóðu. Hirslur voru til dæmis stór partur af hversdagslífi vinnuhjúa. Talar Anna Heiða um það í kafla sínum *Eigur fátækasta hluta vinnuhjúa til frásagnar frá árinu 2021* að hirslur vinnuhjúa hafi veitt þeim nokkurskonar einkarými. Þar gátu þau geymt sína persónulegu muni en sýna dánarbúin að persónulegir munir ungmennanna voru mismargir. Dæmi eru um það í dánarbúunum hér á eftir að kista vinnuhjús hafi verið læst og engir aðrir munir hafi verið í dánarbúinu. Má því velta fyrir sér að innihald kisturnar hafi verið persónulegir munir viðkomandi en voru ekki skrifaðir upp því ekki var hægt að komast í þá. Næst á eftir kistum voru það sængur, koddar og rekkjuvoðir sem algengt var að finna í dánarbúum ungmennanna. Ekkert vinnuhjúanna átti þó rúmfatnað skjálft. Bændum var skylt að útvega vinnuhjúum sínum fæði, klæði og rúmfatnað svo það er ekki svo athyglisvert að sjá ekki rúmfatnað í dánarbúum

³⁰ Sjá www.danarbu.skjalasafn.is

³¹ Þí. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/9. Dánarbú 1849, ör 7, bls. 28: Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir, uppskrift 22. febrúar 1849.

vinnuhjúa. Aðeins tveir af fjórum unglíngum áttu rúmfatnað sem er heldur ekki svo óalgengt því ef þau voru búsett hjá foreldrum sínum voru þau að útvega börnum sínum rúmfatnaði.³²

Bókæign var algeng á meðal ungmennanna og voru það sjö ungmenni af tólf sem áttu eitthvert magn af bókum. Mikill fjöldi fólks var læs á þessum árum sem er óalgengt miðað við aðrar þjóðir. Ekki var gerð almennileg námskrafa til barna fyrr en árið 1880. Fyrir það fór menntun barna aðeins fram á heimilunum og var þá aðeins verið að kenna lestur og kristindóm. Skrif og reikningur hafi ekki komið fyrr en eftir 1880. Tvær reikningsbækur fundust í dánarbúi ungrar bóndakonu sem rætt verður um á eftir en hún lést tæpum 40 árum fyrir löggjöfina um menntun.³³

Nánast allar jarðir sem fundust í dánarbúum ungmennanna voru jarðir sem þau höfðu erfð eftir foreldra sína. Ein stúlka átti jörð sem hún hafði nýlega fest kaup á sjálf ásamt eiginmanni sínum. Sömmuleiðis var mikill meirihluti þeirra sem átti búfénað einnig búinn að erfa hann frá foreldrum sínum en á það þá helst við um vinnuhjúin og unglíngana sem áttu búfénað. Eðlilegri útskýring var fyrir búfénaði bænda en þó voru ekki allir bændur með búfénað í dánarbúum sínum. Að eiga jörð var það verðmætasta sem finna má í dánarbúum og eru þær helsta ástæða þess að dánarbú vinnuhjúa gat hækkað. Örfá ungmennanna voru með reyðufé í dánarbúum sínum og náði sú upphæð frá 2 rbd. sem fundust í dánarbúi eins bóndans og upp í 20 rbd. sem fundust í dánarbúi vinnuhjús.³⁴

4. Samanburðarrannsókn á ungmennum

Í samanburði ungmennanna verður farið yfir lífshlaup þeirra samkvæmt þeim upplýsingum sem hægt er að fá um þau út frá prestsþjónustubókum, sóknarmannatölum og dánarbúum. Er þetta gert til þess að fá betri tilfinningu fyrir þeim munum sem finnast í dánarbúunum og þá betur hægt að ímynda sér þær aðstæður sem ungmennin voru í, hvers vegna viðkomandi hlut er að finna í dánarbúinu og hvar og hvernig þessir hlutir voru notaðir. Hér verða hóparnir bornir saman hver fyrir sig. Fyrst verður farið yfir það hvort einhverjar jarðir eða bústofn var skráður

³² Anna Heiða Baldursdóttir, „Eigur fátækasta hluta vinnuhjúa til frásagnar. Efnismenning í dánarbúsuppskriftum á 19. öld“ í *Þættir af sérkennilegu fólki: menning fátækta* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021), 53 – 70.

³³ Sigurður Gylfi Magnússon. *Menntun, ást og sorg*. bls 76 – 86. og ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú & fylgiskjöl 1845, örk 1, bls. 14; Vilborg Pálsdóttir, uppskrift 14. nóvember 1845.

³⁴ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1847, örk 6 bls. 83; Einar Nikulásson, uppskrift 3. maí 1847 og ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla B/42. Dánarbú 1869, örk 8, bls efst; Jón Kristjánsson, uppskrift 19. desember 1868.

í dánarbú þeirra. Því næst verður farið yfir búslóðir þeirra og bókaeign og í lokin verður fatnaður þeirra skoðaður.

Samanburður 1

Fyrstu dánarbúin sem rannsökuð voru voru dánarbú þriggja stúlkna. Þær eru Jóhanna Jónsdóttir 18 ára unglingur úr Reykjavík, Vilborg Pálsdóttir 25 ára gömul bóndakona úr Þingeyjarsýslu og Helga Þórarinsdóttir 22 ára gömul, vinnukona einnig úr Þingeyjarsýslu. Dánarbú Vilborgar var metið á 1767 rbd. Dánarbú Helgu var metið á 238 rbd. og dánarbú Jóhönnu var metið á 22 rbd. Mikill munur er á mati dánarbúa þessara stúlkna, ein einmitt þess vegna áhugavert að bera þau saman og sjá hver munurinn er á innihaldi. Jóhanna var upprunalega úr Keflavík en hafði flutt til Reykjavíkur. Vilborg og Helga voru báðar úr Þingeyjarsýslu. Vilborg var föðursystir Helgu. Verður farið yfir innihald dánarbúa þeirra í þeirri röð sem nefnd var hér að ofan.

Ekki fundust upplýsingar um fæðingu Jóhönnu. Þegar fermingar voru skoðaðar kom fram að hún fæddist 22. janúar 1841. Þá var hún skráð sem tókubarn í Jóhannshúsi í Útskálasókn. Húsráðendur þar voru Jóhann Sigurðsson verslunarstjóri og eiginkona hans Halldóra Guðmundsdóttir. Árið 1859 flytur Jóhanna úr Keflavík til Reykjavíkur.³⁵ Hún lést 29. júlí 1859. Prestsþjónustubók Seltjarnarnesþings segir að hún hafi verið ógift stúlka í Reykjavík til lækninga, en ekki er tekið fram hvers konar lækningar áttu sér stað.³⁶ Dánarbú Jóhönnu var upp skrifað föstudaginn 25 nóvember 1859. Voru tveir lögregluþjónar í Reykjavík að verki sem skrifuðu undir sem A. Gíslason og A. Arnarson. Með dánarbúi Jóhönnu eru tveir reikningar. Fyrsti reikningurinn var til lögregluþjónanna sem upp skrifuðu dánarbú hennar. Hljóðaði sá reikningur upp á 1 rbd. og 18 sk. Var þetta reikningur fyrir virðingu á dánarbúi, fyrir að festa upp á auglýsingu um söluping á dánarbúinu og fyrir að vera vottar þar. Seinni reikningurinn var fyrir útför Jóhönnu. Í heildina kostaði útförin 31 rbd. og 32 sk. Inni í þeirri upphæð var líkkista með fótum á 12 rbd., lérefts líkklæði á 1 rbd. og 24 sk. en 8 rbd., 60 sk. fyrir erfidrykkju. Annar kostnaður var fyrir fjóra líkmenn og til prófasts. Eftir stóðu þá 22 rbd.³⁷

Vilborg fæddist 2. maí 1819. Foreldrar hennar voru hjónin Páll Þórarinsson og Guðrún Gunnarsdóttir að Garði í Kelduhverfi. Þegar Vilborg var 18 ára gömul flutti hún frá Þórunnarseli að Sveinungsvík. Ári seinna var hún gift Árna Árnasyni og flytja þau ásamt

³⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Útskálar í Garði BA/5-1-1. Prestsþjónustubók 1850 – 1880. bls 117.

³⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Seltjarnarnesþing/Dómkirkjan í Reykjavík BA/8-1-1. Prestsþjónustubók 1839 – 1860. bls 299.

³⁷ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Reykjavík B22 – 1. Bréf 1860, örk 3, bls. 119. Jóhanna Jónsdóttir, uppskrift 25. nóvember 1859.

foreldrum Árna, Árna Jónssyni og Guðrúnu Árnadóttur í Þistilfjörð. Vilborg og Árni eignuðust 4 börn saman, Sigfús, Guðrúnu, Jóhönnu og Vilborg Pálinu. Hún lést 15. október 1844 úr ótilgreindum veikindum og var skráð gift kona á Keldunesi.³⁸ Daginn eftir andlát hennar sendi Árni bréf til sýslumanns. „Með sorgarfullum augum og skjálfandi hendi“ tilkynnir hann andlát eiginkonu sinnar. Rúmi ári síðar, 14. nóvember 1845, var dánarbúið skrifað upp af Jóni Kristjánssyni, hreppstjóra í Kelduneshrepp og bóndanum Hólmkeli Jósepssyni. Ástæða þess að dánarbú hennar var svo seint upp skrifað voru langvarandi veikinda Árna og sömuleiðis eins barns þeirra hjóna. Dánarbú Vilborgar var í heild metið á 4005 rbd. Skuldir þessa voru 2240 rbd. fyrir jörðina Héðinshöfði og 30 rbd. fyrir útfararkostnað. Uppskriftar – og virðingarlaun voru áttu svo að vera ákveðin af sýslumanni en ekki segir hver sú upphæð var. Erfingjar dánarbúsins voru Árni eignmaður Vilborgar og börn þeirra.³⁹

Helga Þórarinsdóttir fæddist 7. apríl 1846. Foreldrar hennar voru Þórarinn Pálsson og Sigríður Jónsdóttir, búandi hjón á Þórunnarseli í Garði í Kelduhverfi.⁴⁰ Helga bjó í foreldrahúsum til ársins 1861. Móðir hennar lést í byrjun árs 1855 og faðir hennar lést sumarið 1861.⁴¹ Þremur árum eftir andlát föður hennar var Helga skráð sem vinnukona og er hún þá búsett á Nýjabæ, sem staðsettur var í sömu sókn.⁴² Árið 1866, þegar Helga var 21 árs gömul var hún búin að ráða sig í vist að Hringsdal í Höfðasókn. Helga lést 17. janúar 1868 þegar hún var 23 ára gömul. Dánarorsök hennar var talin hafa verið brjóstveiki.⁴³ Dánarbú Helgu var skrifað 19. febrúar 1868 af hreppstjórnum í Grýtubakkahrepp, sem undirskrifa dánarbúið sem Ó. Ólafsson og Þ. Jónasson. Skuldir á dánarbúi Helgu voru 18 rbd. Vegna útfararkostnaðar og 2 rbd. í skuld til Odds Ólafssonar, húsbónda á Hringsdal. Systkini Helgi erfðu hana. Átti hún tvo bræður sem hétu Björn og Benedikt, sem var hálfbróðir hennar. Systir hennar hét Vilborg.⁴⁴

Vilborg og Helga áttu jarðarpart þegar þær létust. Dánarbú Jóhönnu innihélt engar jarðir. Vilborg var sú eina af þeim sem var gift. Hún hafði nýlega keypt jörðina Héðinshöfða ásamt eiginmanni sínum, Árna Árnasyni.⁴⁵ Í heildina átti Vilborg hlut í fjórum jörðum. Átti hún hálfja jörðina Knútsnes, 1 hundruð. 2 hundruð í jörðinni Kelduneskoti. Í jörðinni Keldunes, með hjáleigunni á Eyvindarstöðum átti hún 15 hundruð og í jörðinni Héðinshöfða átti hún 30

³⁸ ÞÍ. Kirknasafn. Garður í Kelduhverfi BA/1-1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1846. bls 189.

³⁹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú & fylgiskjöl 1845, örk 1, bls. 14: Vilborg Pálsdóttir.

⁴⁰ ÞÍ. Kirknasafn. Garður í Kelduhverfi BA/1-1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1846. bls 55.

⁴¹ ÞÍ. Kirknasafn. Garður í Kelduhverfi BA/3-1-1. Prestsþjónustubók 1847 – 1883. bls 229 – 230.

⁴² ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Garður í Kelduhverfi BC/2-1-1. Sóknarmannatal 1829 – 1880. blaðsíðutals ekki getið.

⁴³ ÞÍ. Kirknasafn. Höfði í Höfðahverfi BA/3-1-1. Prestsþjónustubók 1816 – 1878. blaðsíðutals ekki getið.

⁴⁴ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/13. Dánarbú 1868, örk 10, bls. 13: Helga Þórarinsdóttir.

⁴⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Garður í Kelduhverfi BA/1-1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1846. bls 112.

hundrað. Samtals voru hlutar Vilborgar í jörðum 3170 dala virði. Af því var hennar hluti í Héðinshöfða 2240rbd. Það sem eftir stóð í dánarbúi hennar eftir að búið var að greiða upp allar skuldir var 1767 rbd.⁴⁶ Helga átti hluta í jörðinni Þórunnarseli í Kelduhverfi. Ekki var tekið fram hversu sór hann var en hún hafði tekið hann í arf eftir foreldra sína og systur. Andvirði jarðarinnar var ekki nefnt í dánarbúi hennar en heildarmat dánarbúsins var 238 rbd. Helga ólst upp á Þórunnarseli.⁴⁷ Faðir hennar, Þórarinn Pálsson hafði einnig alist upp á Þórunnarseli og ein systir hans var Vilborg Pálsdóttir.

Ásamt jörðum var það búfénaður sem einnig gat hækkað mjög verðmat á dánarbúi. Fyrst skal nefna það að í dánarbúi Helgu og Jóhönnu fannst enginn búfénaður. Af búfénaði Vilborgar sést í annað skipti hver helsti munur á dánarbúum þessars stúlkna var. Í heildina voru skráðar 159 skepnur í dánarbúi Vilborgar. Átti hún 5 hesta, bæði gamla og unga. Tvær kýr og einn kálf og ef allt sauðfé er tekið saman voru það 151 talsins. 45 ær voru t.d. skráðar í dánarbúi hennar og hver þeirra var verðmetin á 3 rbd. Í heildina var allur búfénaður hennar metinn á 589 rbd. svo að af búfénaði hennar kom heljarinnar upphæð sem hækkaði mat á dánarbúi enn meira, umfram þær jarðir sem hún átti.

Búslóðir stúlkanna voru mismunandi. Búslóð Jóhönnu innihélt svo fáa hluti að varla hægt er að nefna þá alla hér. Skrifastokkur, saumastokkur, karfa og kista. Karfa og kista teljast vera fremur eðlilegir hlutir til að finna í dánarbúi 18 ára einstaklings, en skrifastokk var sjaldgæft að finna og var hún eina stúlkna sem átti slíkt.⁴⁸ Af búslóð átti Helga brjóstnál úr gulli, eyrnagull og matskeið úr silfri. Líklegt er að Helga hafi lítið sem ekkert notað þessa hluti, frekar voru þeir verðmæt eign, sem var hægt að nota í staðin fyrir reiðufé. Einnig átti hún söðul, beisli og písk sem hún eflaust notaði þegar hún gat fengið hest að láni, því ekki átti hún sjálf hest. 3 og 1/3 álnir af bláu vaðmáli átti hún einnig sem eflaust átti að verða að einhverskonar klæðnaði eða ábreiðu. Brjóstnálina, eyrnagullið og silfurskeiðina fékk hún ef til vill í arf frá foreldrum sínum.⁴⁹

Af búslóð átti Vilborg mest og má líklega rekja það til þess að hún var eina af þeim sem átti sitt eigið bú og samkvæmt manntali 1845, sem tekið var ári eftir að Vilborg lést, er ekillinn Árni Árnason enn búsettur að Keldunesi ásamt börnum þeirra og eru þrjú vinnuhjú skráð á bænum.⁵⁰ Vinnuhjúin segja að vísu ekkert til um það hversu mikið innihald dánarbú Vilborgar

⁴⁶ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1845, ör 1, bls. 14: Vilborg Pálsdóttir.

⁴⁷ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/13. Dánarbú 1868, ör 10, bls. 13: Helga Þórarinsdóttir.

⁴⁸ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Reykjavík B22 – 1. Bréf 1860, ör 3, bls. 119. Jóhanna Jónsdóttir.

⁴⁹ ÞÍ. Kirknasafn. Garður í Kelduhverfi BC/2-1-1. Sóknarmannatal 1829 – 1880. blaðsíðutals ekki getið.

⁵⁰ Sjá www.manntal.is

var með, en það gefur að vísu til kynna að hún og eiginmaður hennar hafi átt nógu mikið til þess að standa undir öllum þeim mannskap sem búsettur var á heimilinu. Vilborg átti t.d. 6 silfurseiðar, kaffiketil og kaffikönnu, fingurgull, og eyrnaskart af gulli. Í dánarbúi Vilborgar fannst einngi bátur en af honum má þó áætla að hún sjálf hafi ekki mikið verið nota hann til veiða, heldur var þetta einn af þó nokkrum hlutum í dánarbúi hennar sem tilheyrðu heimilinu og líklegra er að eiginmaður hennar og jafnvel vinnuhjú hafi frekar notað hann. Eflaust má tengja eyrnagull Vilborgar og Helgu saman. Árni, eiginmaður Vilborgar og börn þeirra voru einu erfingjar Vilborgar, svo eyrnagullið hélst að öllum líkindum í fjölskyldunni. Ekki er hægt að vita hvað Árni gerði við eyrnagullið eftir andlát eiginkonu sinnar. Mögulega endaði það svo að Þórarinn, bróðir Vilborgar fékk eyrnagullið og endaði það þannig í fórum Helgu. Ómögulegt er þó að vita og komast að því hvort um sama eyrnagull sé að ræða, en er það þó áhugavert að hugsa til þess að fænkurnar séu einu sem eiga slíkt.

Allar áttu þær eitthvað magn af bókum en engin bók var sameiginleg á milli þeirra þriggja, en Helga og Jóhanna eiga það sameiginlegt að báðar áttu þær nýja testamentið. Vilborg átti flestar bækur eða að minnsta kosti 18 bækur. Ekki er hægt að vita nákvæman fjölda þeirra þar sem tvær færslur í dánarbúi hennar segja „ýmis dönsk rit“ og „ýmis íslensk rit“. Meðal bóka sem Vilborg átti voru tvær messusöngsbækur, föstuprédikanir Vídalíns og Espólíns, Væsenhúsbiblía og þrír árgangar af Fjölni og tvær reikningsbækur sem nefndar voru hér að ofan.⁵¹ Helga átti í heildina 5 bækur. Passíusálma, nýja testamentið, Hallgrímskver, Jóns bænir og ævisaga Lúthers.⁵² Jóhanna átti í heildina 3 bækur. Nýja testamentið, Landufræði H. Kr. Friðrikssonar og Hugvekjusálma.⁵³

Miðað við eignastöðu hefði mátt búast við því að Vilborg hefði átt flestar flíkur. En sú er alls ekki raunin. Í raun átti Jóhanna flestar flíkur en 33 flíkur skráðar í dánarbúi hennar. Í dánarbúi Helgu Þórarinsdóttur voru skráðar 27 flíkur. Vilborg átti aðeins 11 flíkur í 7 færslum.. Heildarmat á fatnaði Vilborgar var 29 rbd. Fatnaður Helgu var metinn 24 rbd. og 68 sk. Heildarmat á fatnaði Jóhönnu var 19 rbd. og 80 sk.⁵⁴

Fatnaður var annars mjög svipaður. Helga og Vilborg áttu kjóla en aðeins forklæði og treyjur var að finna í dánarbúi Jóhönnu. Helga og Jóhanna áttu bæði silkiklúta og léreftsklúta,

⁵¹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1845, örk 1, bls. 14: Vilborg Pálsdóttir.

⁵² ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/13. Dánarbú 1868, örk 10, bls. 13: Helga Þórarinsdóttir.

⁵³ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Reykjavík B22 – 1. Bréf 1860, örk 3, bls. 119. Jóhanna Jónsdóttir.

⁵⁴ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/13. Dánarbú 1868, örk 10, bls. 13: Helga Þórarinsdóttir og ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1845, örk 1, bls. 14: Vilborg Pálsdóttir og ÞÍ. Sýsluskjalasafn Reykjavík B22 – 1. Bréf 1860, örk 3, bls. 119. Jóhanna Jónsdóttir.

en um Vilborgu er aðeins tekið fram að hún hafi átt þrjá klúta. Það sem sker sig helst út þeirra á milli í klæðnaði eru kjólarnir. Það er í rauninni þar sem hægt er að greina muninn á gæðum í klæðnaði þeirra. Báðir kjólarnir sem Helga átti voru úr lérefti, annar verðmetinn á 5 rbd. og hinn á 1 rbd. Sem gefur til kynna að kjólar hennar hafi verið mjög vandaðir.⁵⁵ Kjólarnir þrír í dánarbúi Vilborgar voru allir úr vaðmáli, einn nýr blár verðmetinn á 6 rbd., einn rauðröndóttur verðmetinn á 3 rbd. og annar blár lagður með flaujel verðmetinn á 4 rbd. og 48 sk.⁵⁶ Verðmat á báðum kjólum Helgu var þó jafn mikið og í einum kjól hjá Vilborgu. Allar átta þær eitthvað höfðufat en voru þau öll mismikill tískufatnaður, ef svo má orða það. Vilborg átti flaujels skjugghatt verðmetinn á 2 rbd., Helga átti reiðhatt verðmetinn á 1 rbd. og tvær húfur með silfurhólkum verðmetnar saman á 1 rbd. og 24 sk. og Jóhanna átti tvær húfur, hvor var metin á 2 rbd. Engan skóbúnað var að finna í neinu dánarbúi stúlkna, fyrir utan dánarbú Helgu. Þar mátti finna brunnelstígvél sem verðmetin voru á 1 rbd. og 48 sk. Skó var ekki algengt að finna í dánarbúum ungmennanna, hvað þá stígvél.

Ef ekki væri fyrir jarðirnar og búfénaðinn, var ekki svo mikill munur á dánarbúum þessara stúlkna. Helsti munur í dánarbúum þessara stúlkna var á búslóðum þeirra. Vilborg bjó, eins og áður hefur komið fram, ásamt eiginmanni sínum, börnum og vinnuhjúum. Hefur hún þurft að eiga þó nokkuð af borðbúnaði fyrir allt fólkið sem búsett var með henni. Helga og Jóhanna voru báðar til húsa annars staðar en hjá foreldrum sínum og enginn borðbúnaður var í þeirra dánarbúum.⁵⁷ Átti húsráðandi að sjá til þess að útvega slíkan búnað svo ekkert athyglisvert var við það að þessir hlutir voru hvergi sjáanlegir í dánarbúum þeirra.

Samanburður 2

Hér verða bornir saman þrír drengir. Einar Nikulásason 21 árs gamall bóndi úr Þingeyjarsýslu, Jón Hákonarson 23 ára hjú úr Ísafjarðarsýslu og Eiríkur Rafnkelsson 18 ára unglingur úr Skaftafellssýslu. Dánarbú Einars var metið á 82 rbd., Jóns H. á 13 rbd. og Eiríks á 166 rbd. Aftur verður farið yfir jarðir og bústofn, næst búslóðir og bókaeins og fatnaður verður tekinn síðast.

Einar Nikulásason fæddist 25. ágúst 1826 í Skinnastaðasókn í Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru Nikulás Einarsson og Kristbjörg Vigfúsdóttir, hjón á Þverá. Einar fermdist 1840,

⁵⁵ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/13. Dánarbú 1868, örk 10, bls. 13: Helga Þórarinsdóttir.

⁵⁶ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1845, örk 1, bls. 14: Vilborg Pálsdóttir.

⁵⁷ Sjá www.manntal.is

Þegar hann var 14 ára gamall og var hann eini drengurinn í sókninni sem fermdist þetta ár. Faðir hans lést árið 1845. Aðeins tveimur árum seinna lést Einar úr farsótt, nánar tiltekið 5. mars 1847, aðeins 21 árs gamall og er hann skráður sem fyrirvinna á Þverá.⁵⁸ Dánarbú Einars var skrifað upp 3. maí 1847. Sýslumaður Arnesen skipaði bóndann Eirík Sigvaldason til verksins. Heildar upphæð dánarbúsins var 82 rbd og 38 sk. Á dánarbúinu hvíldu útfararkostnaður, skuld til Jóns bónda á Leifsstöðum og til Brynjólfs og Benedikts, en ekki er tilgreint hvar þeir voru búsettir. Þetta gerði 3 rbd. og 89sk. Erfingjar Einars voru systkini hans, Vigfús, Benedikt og Ingibjörg. Áhugavert – og fremur sjaldgæft – er að þau voru með óskir um hvaða muni úr dánarbúinu þau vildi fá. Vigfús vildi fá bláar buxur, nýtt vesti, broddstaf og ósaumaðar nærbuxur, allt saman að andvirði 3 rbd og 88 sk. Benedikt vildi folann og græn málaða kistu, saman að andvirði 18 rbd. Ingibjörg vildi fá mórauða hálfsockkar og hatt sem sem saman var metið á 72 sk.⁵⁹ Ingibjörg var elst og var hún 24 ára þegar Einar lést. Vigfús var 20 ára og Benedikt var 18 ára.⁶⁰

Engar heimildir fundust um fæðingu Eiríks en þegar hann fermist árið 1860 var hann 15 ára gamall og búsettur hjá móður sinni Ástríði Magnúsdóttur og eiginmanni hennar, Einari Þorleifssyni. Faðir hans, Rafnkell Eiríksson hafði látist árið 1853. Eiríkur lést 23. mars 1862 og segir prestsþjónustubók að hann hafi verið 17 ára gamall og bóndasonur.⁶¹ Dánarbú Eiríks var skrifað upp 26. apríl 1862. Voru hreppstjórar í Bjarnahrepp staddir að Holtum í Mýrum, þar sem Eiríkur var búsettur við andlát til þess að skrifa upp dánarbú hans. Erfingjar dánarbúsins voru Ástríður móðir hans og Sigríður Einarsdóttir hálf systir hans, 2 ára gömul. Við uppskriftina mætti föður bróðir Sigríðar, Páll Þorleifsson og fyrir hönd Ástríðar var eiginmaður hennar, Einar Þorleifsson. Allar skuldir dánarbúsins tengdust útförinni. Voru 2 rbd. fyrir legkaup og líksöng, 2 rbd . og 24 sk. fyrir líkkistu og útfararkostnað. SK. Eiríksson og J. Bergson voru hreppstjórnir sem sáu um uppskrift dánarbúsins.⁶²

Ekki fannst hvenær Jón Hákonarson fæddist. Árið 1838 er hann skráður sem uppálfingur bóndans á Hamri í Kirkjubólssókn í Langadal. Árið 1846 er hann skráður sem vinnumaður þar en ári síðar sem vinnumaður á Tungu í sömu sókn. Er hann þar í rúmlega tvö ár því árið 1849 er hann skráður sem vinnumaður á Ármúla hjá hreppstjóranum Gísla

⁵⁸ ÞÍ. Kirknasafn. Skinnastaður í Öxarfirði BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1816 – 1868. bls 18, 60, 182.

⁵⁹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1847, örk 6 bls. 83; Einar Nikulásson.

⁶⁰ Sjá www.manntal.is

⁶¹ ÞÍ. Kirknasafn. Einholt á Mýrum BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1847 – 1881. bls 66 og 158.

⁶² ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skaftafellssýsla ED2/8. Dánarbú 1862 – 1865, örk 1, bls. 659; Eiríkur Rafnkellsson, uppskrift 26. apríl 1862.

Brynjarssyni. Árin 1851 til 1853 er hann vinnumaður á Skjaldfönn og síðan Laugalandi.⁶³ Hann drukknaði 29. apríl 1854 og dánarbúið var skráð 17. júlí sama ár. Hreppstjórinn í Nauteyrahrepp annaðist verkið ásamt bóndanum Elíasi Ebenezerssyni frá bænum Skjaldfönn. Skuldir á dánarbúi Jóns voru 10 rbd. til Guðmundar Egilssonar, bónda á Laugalandi. 2 rbd. til Einars Einarssonar á Meirihlíð og 1 rbd. og 32 sk. til Jóns Níelssonar á Þúfum. Undirskrifaður hreppstjóri var P Bjarnarson.⁶⁴ Á 23 árum býr Jón H. á að minnsta kosti fjórum bæjum, sem allir eru í sömu sókn svo líklegast var ekki of langt á milli þeirra en þrátt fyrir það var mikið flakk á honum.

Jón átti hvorki jarðir, búfé né reiðufé. Eiríkur átti átti hlut í jörðinni Smyrlabjörgum að andvirði 56 rbd. en einnig átti hann 90 rbd. inni í búi móðir sinnar, sem hann hefur eflaust erfð eftir föður sinn.⁶⁵ Einar Nikulásson átti engar jarðir en í peningum átti hann 2 rbd.⁶⁶ Einar var sá eini af þremmenningunum sem átti eitthvað af búfénaði. Átti hann einn jarpan fola, 4ra vetra sem metinn var á 12 rbd., sem bendir til að þetta hafi verið gæðingur. Einnig átti hann 6 ær, 5 sauði og 6 gemlinga. Allt sauðfé til samans var metið á 53 rbd. Eins og áður segir var dánarbúi Einars í heldina metið á 82 rbd svo búfénaður tók lang stærsta hluta dánarbúsins.⁶⁷

Búslóðir þessara drengja voru einnig mjög svipaðar og gripir ekki fjölbreyttir. Í dánarbúi Jóns var aðeins að finna læst koffort með lömum og lykklafesti sem saman var metið á 1 rbd. og 32 sk. Eiríkur átti aðeins rúmföt, fiðursæng og kodda og tvær rekkjuvoðir. Möguleg ástæða þess að Eiríkur átti ekkert nema rúmfötin var sú að hann átti enn heima í foreldrahúsum alt sitt líf og miklar líkur eru á því að foreldrar hans hafi útvegað honum helstu hluti eins og ask og annan borðbúnað. Sama getur átt við um Jón. Það má þó vera að Jón hafi geymt rúmfatnað sinn í koffortinu sem var læst og þess vegna var það ekki skráð í dánarbúið en einnig er það líklegt að húsráðandi á Laugalandi hafi útvegað rúmfatnað. Búslóð Einars innihélt heldur ekki marga hluti. Mátti aðeins finna eina grænmálaða nýlega kistu sem metin var á 5 rbd., ásamt einum broddstaf sem metinn var á 32 sk.⁶⁸

Hvað mestur munur á dánarbúum þeirra er í bókunum. Jón átti engar bækur. Má velja því fyrir sér og áætla að ein af ástæðum fyrir því var vegna þess að þegar útivinnu lauk á daginn var algengt að heimilisfólk kom sér fyrir í baðstofum sínum og hlustað á upplestur eins

⁶³ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Kirkjubólshring BC/2-1-1. Sóknarmannatal 1838 – 1859. blaðsíðutals ekki getið.

⁶⁴ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Ísafjarðarsýsla ED2/2. Dánarbú 1854, örk 10, bls. 239; Jón Hákonarsson, uppskrift 17. júlí 1854.

⁶⁵ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skaftafellssýsla ED2/8. Dánarbú 1862 – 1865, örk 1, bls. 659; Eiríkur Rafnkelsson.

⁶⁶ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1847, örk 6 bls. 83; Einar Nikulásson.

⁶⁷ Sama heimild.

⁶⁸ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1847, örk 6 bls. 83; Einar Nikulásson.

heimilismannsins. Oftar en ekki var það húsbóndinn sem hélt upplestur í baðstofum en það kom fyrir að ef yngri börn voru á bænum, sem ekki voru fermd eða voru jafnvel að fara að fermast myndu sjá um upplesturinn til þess að æfa sig. Tilgangur slíkra samstunda var meðal annars ætlaður til þess að fræða heimilismenn, því oftar en ekki var verið að lesa upp úr trúarlegum bókum en á sama tíma var þetta stór partur af samveru heimilisfólks og auðveld að hafa ofan af fyrir þeim með þessum hætti.⁶⁹ Einnig er líklegt að sökum þess að hann var svo mikið að flakka á milli mismunandi bæja að óhentugt var að ferðast með bækur með sérþ Eiríkur átti tvær bækur. Péturspostilla og höfuðlærdómar kristinnar trúar.⁷⁰ Dánarbú Einars innihélt engar bækur.

Af fatnaði áttu þeir nokkuð sameiginlegt, svo sem við má búast. Allir áttu þeir það sameiginlegt að eiga a.m.k. einar buxur, eina skyrtu, vesti, nærbuxur og húfu eða hatt og sokka.⁷¹ Heildarmat á fatnaði í dánarbúi Jóns H. var 11 rbd. og 56 sk. en dánarbúi Eiríks var 7 rbd. og 92 sk. og Einars var 8 rbd. og 64 sk.⁷² Ef tekið er til hliðar jarðir, búfénað og búslóðir þessara drengja er nær enginn munur á dánarbúum þeirra.

Samanburður 3

Hér verða bornar saman þrjár stúlkur til viðbótar. Þær eru Munnveig Stefánsdóttir 24 ára gömul bóndakona úr Suður – Múlasýslu með dánarbú metið á 54 rbd. Oddfríður Pálsdóttir 23 ára vinnukona úr Húnavatnssýslu með dánarbú metið á 36 rbd. Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir, 18 ára heimasæta úr Þingeyjarsýslu með dánarbú metið á 125 rbd. Dánarbú þessara stúlkna verða borin hér saman líkt og í samanburði 1 og 2. Fyrst verða jarðir og bústofn skoðaður, svo búslóðin og bókaeing og loks fatnaður.

Árið 1840 bjó Astronomía ásamt móður sinni og systkinum á Fagranesi í Sauðanessókn og manntalið sama ár skráir hana sem Ástríði Ingibjörgu Eymundsdóttur. Manntalið 1845 segir að hún hafi búið ásamt eldri bróður sínum á bænum Eiði í Sauðanessókn, þá 15 ára gömul.⁷³ Astronomía lést 7. febrúar 1949 á bænum Flögu í Svalbarðssókn, skráð 19 ára vinnukona.⁷⁴

⁶⁹ Anna Heiða Baldursdóttir. *Eigurnar koma svona fyrir. Efnismenning borgfirskra dánarbúa á 19. öld – Varðveisla og miðlun hennar í Þjóðskjalasafni Íslands*. MA – ritgerð í sagnfræði, Háskóli Íslands 2016. bls 30.

⁷⁰ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Skaftafellssýsla ED2/8. Dánarbú 1862 – 1865, örk 1, bls. 659: Eiríkur Rafnkelsson.

⁷¹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/8. Dánarbú 1847, örk 6 bls. 83; Einar Nikulásson Og ÞÍ.

Sýsluskjalasafn. Ísafjarðarsýsla ED2/2. Dánarbú 1854, örk 10, bls. 239: Jón Hákonarsson Og ÞÍ.

Sýsluskjalasafn. Skaftafellssýsla ED2/8. Dánarbú 1862 – 1865, örk 1, bls. 659: Eiríkur Rafnkelsson.

⁷² Dánarbú Einars Nikulássonar, Jón Hákonarson og Eiríkur Rafnkelsson, sjá ofar.

⁷³ Sjá www.manntal.is

⁷⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Svalbarð í Pistilfirði/Raufarhöfn BA/6-1-1. Prestsþjónustubók 1816 - 1849. bls 181.

Dánarbú Astronomíu var skrifað upp 22. febrúar 1849. Erfingjar hennar voru sjö systkini hennar. Einar bóndi á Faranesi, Eymundur bóndi á Hlíð, Þórarinn timbursmiður á Svalbarði, Guðný húsfreyja á Brimnesi, Hallfríður vinnukona á Hofi í Vopnafirði, Karólína Sophia á Hlíð, 15 ára og Ása á Fagranesi, 13 ára. Útfararkostnaður var 8 rbd. og 78 sk. Engar aðrar skuldir voru skráðar og eftir stóð 125 rbd.⁷⁵

Einu heimildirnar sem fundust um Oddfríði fyrir utan dánarbú hennar var skráning í manntalinu 1845. Var hún þá búsett á bænum Ólafsdal í Hvolsókn í Dalasýslu, 11 ára gömul og niðursetningur.⁷⁶ Dánarbú Oddfríðar var skrifað upp 17. maí 1859 á Gröf á Vatnsnesi, þar sem hún starfaði sem vinnukona. Samhliða uppskriftinni var haldið uppboð á eigum hennar. Í hverri færslu er því gerð grein fyrir eigum hennar, verðmat á þeim, hver keypti og hvað viðkomandi borgaði. Umsjónarmenn uppskriftar og uppboðs voru F. Arnbjörnsson, G. Magnússon og Ari Sigurðsson. Skuldaði Oddfríður 64 sk til Einars á Tunguhofi. Einnig voru 20 rbd. og 84 sk. sem fóru upp í skuld fyrir útfararkostnað, uppskrift á dánarbúi og uppboðs gerð. Eftir stóðu þá 36 rbd.⁷⁷

Árið 1840 var Munnveig 4 ára gömul búsett hjá foreldrum sínum Stefáni Þorleifssyni og Setselíu Bjarnadóttur að Ormsstaðarhjáleigu í Skorrastaðarsókn. Var faðir hennar skráður sem húsbóndi og meðhjálpari. Árið 1845 var fjölskyldan á Nesi í sömu sókn. Árið 1850 er Munnveig enn búsett að Nesi. Foreldrar hennar eru látnir og hefur Stefán Stefánsson bróðir hennar tekið við sem bóndi. Munnveig er skráð sem léttarstúlka.⁷⁸ Í nóvember 1859 giftis Munnveig Guðna Benediktssyni, bónda að Eyvindará sem enn bjó í foreldrahúsum. Hún var þá vinnukona á sama bæ. Munnveig hefur verið ófrísk þegar hún gifti sig en í byrjun maí eignast hún stúlku. Munnveig lést 6. ágúst sama ár og er það möguleiki að fæðing dóttur hennar tengist andlátinu. Á rúmu ári fer Munnveig frá því að vera skráð sem vinnukona í sóknarmannatölum í að vera skráð eiginkona bónda bæði í sóknarmannatölum, prestsþjónustubókum og svo dánarbúi sínu.⁷⁹ Dánarbú Munnveigar var skrifað upp 29. september 1860. Voru það Halldór Jónsson og S. Einarsson sem sáu um uppskrift á dánarbúi

⁷⁵ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/9. Dánarbú 1849, örk 7, bls. 28: Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir.

⁷⁶ Sjá www.manntal.is

⁷⁷ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla ED2/25. Dánarbú 1858 – 1863, örk 2, bls 8: Oddfríður Pálsdóttir, uppskrift 17. maí 1859.

⁷⁸ Sjá www.manntal.is

⁷⁹ ÞÍ. Kirknasafn. Eiðar í Eiðabínghá BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1862. bls 95, 193. Og ÞÍ. Kirknasafn. Eiðar í Eiðabínghá BC/3-1-1. Sóknarmannatal 1853 – 1866. bls 86, 96. Og ÞÍ. Kirknasafn. Eiðar í Eiðabínghá BA/3-1-1. Prestsþjónustubók 1859 – 1888. bls 5.

hennar, sem fór fram á Eyvindará. Guðni og Stefanía dóttir þeirra voru einu erfingjar hennar. Heildarupphæð dánarbús hennar var 53 rbd og 68 sk. Engar skuldir voru skráðar.⁸⁰

Aðeins ein þessara stúlkna átti part í jörð og var það Astronomía Ingibjörg. Átti hún tæpar 33 álnir úr jörðinni Fagranesi í Sauðaneshrepp, að andvirði 27 rbd. Erfði hún það frá móður sinni ásamt systkinum sínum.⁸¹ Einnig átti hún inni fé hjá Jóni Benjamínssyni, timburmanni frá Sauðanesi að andvirði 58 rbd. Í pening átti Munnveig ekkert, en Oddfríður átti 3 ríkisbankadali.⁸² Hvorki Oddfríður né Munnveig áttu eitthvað af búfénaði. Ekkert athyglisvert er við það að Oddfríður hafi ekki átt neinn búfénað, það var ekki svo algengt að vinnuhjú ættu mikið af dýrum. Hins vegar er athyglisvert að engin dýr voru skráð í dánarbúi Munnveigar. Í dánarbúi Astronomíu fannst ein ær 2 vetra og einn gemlingur sem saman voru verðmetin á 5 rbd. og 96 sk. Það kann að hafa verið búfénaður sem hún fékk í arf eftir móður sína, Ásu Pétursdóttur, en hún lést tveimur árum áður.⁸³

Í dánarbúi Astronomíu voru engir munir. Má áætla að sökum aldurs hafi Astronomía ekki átt neitt í búslóð sinni, enda búíð í heimahúsum eða á annara manna bjæjum mest allt líf sitt og líklegt er að hún hafi fengið flest allt sem hún þurfti frá húsráðendum, eins og rúmföt og matarílát. Það eina sem fannst í búslóð Munnveigar var fiðursæng verðmetin á 10 rbd. og 48 sk., fiðurkoddur verðmetinn á 1 rbd. og 48 sk., reiðsöðull með áklæði og beisli, 2 kistur og ein til viðbótar sem var læst.⁸⁴ Það rúmt ár frá því að Munnveig var skráð sem vinnukona og þar til hún var gift og skráð sem bóndi.

Á þessum stutta tíma gafst eflaust ekki mikill tími til þess að safna í búíð, en á sama tíma var líklegast ekki mikil þörf þar sem Munnveig og Guðni voru búsett ásamt foreldrum Guðna, sem líklegast áttu flest í búíð sjálf sem Munnveig og Guðni gátu nýtt sér og því ekki talin þörf á því að þau myndu verða sér úti um helstu muni, að minnsta kosti ekki strax.⁸⁵ Af þeim þremur, var það dánarbúi Oddfríðar sem innihélt flesta muni sem flokkast myndu sem búslóð. Átti hún þrjá aska og dall, talerkur og spón, eina kistu með jarnum og lélegan kistil og

⁸⁰ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Suður – Múlasýsla ED2/13. Dánarbú 1860, örk 7, bls 3: Munnveig Stefánsdóttir.

⁸¹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/9. Dánarbú 1849, örk 7, bls. 28: Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir.

⁸² ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla ED2/25. Dánarbú 1858 – 1863, örk 2, bls 8: Oddfríður Pálsdóttir.

⁸³ Sjá www.islendingabok.is

⁸⁴ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Suður – Múlasýsla ED2/13. Dánarbú 1860, örk 7, bls 3: Munnveig Stefánsdóttir.

⁸⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Eiðar í Eiðabínghá BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1862. bls 95, 193. Og ÞÍ. Kirknasafn. Eiðar í Eiðabínghá BC/3-1-1. Sóknarmannatal 1853 – 1866. bls 86, 96. Og ÞÍ. Kirknasafn. Eiðar í Eiðabínghá BA/3-1-1. Prestsþjónustubók 1859 – 1888. bls 5.

að lokum átti hún 2 stokka. Voru allir munir Oddfríðar metnir á minna en einn ríkisbankadal, en kistan með járnum var metin á 2 rbd og 48 sk.⁸⁶

Astronomía var sú sem átti flestar bækur af þessum stúlkum eða sjö bækur, sem var meira en flestir hinna sem hingað til hafa verið skoðaðir. Átti hún lærdómskver, Hallgrímskver og Stúrmskver, hugvekjusalma, nýja testamentið, miðvikudagaprédikanir og aðra sálma. Flestir unglingar voru líklegast enn að notast við bækur foreldra sinna, sérstaklega ef foreldrar þeirra voru enn á lífi og þau bjuggu í heimahúsum svo bókaeign hennar er frekar athuglisverð.⁸⁷ Oddfríður átti þrjár bækur og líkt og Astronomía átti hún Nýja testamentið. Einnig átti Oddfríður messusöngsbók og Hallgrímssálma sem bundnir voru í gyllt band.⁸⁸ Í dánarbúi Munnveigar voru engar bækur.

Munnveig átti einungis 8 flíkur. Það voru þrjár röndóttir kjólar, röndótt pils, brækur, gamalt vaðmáls forklæði og tvö forklæði til viðbótar. Var þetta ekki mikill fatnaður miðað við Astronomíu og Oddfríði en báðar voru þær með 23 færslur í dánarbúum sínum sem innihéldu fatnað, og í einhverjum tilfellum voru fleiri en ein flík í hverri færslu. Áttu þær allar einhvers konar kjóla. Kjólar Munnveigar voru allir röndóttir, einn þeirra var rauðröndóttur og verðmetinn á 8 rbd.⁸⁹ Astronomía átti einnig þrjá kjóla, tvo vaðmálskjóla og einn bláan léreftskjól.⁹⁰ Oddfríður átti svo rauðan upphlut með 10 silfurmillum. Fyrir utan kjólana voru pils og forklæði það eina sem stúlkurnar áttu sameiginlegt. Pils Munnveigar var röndótt pils með bol. Oddfríður átti eitt blátt vaðmálsþils. Pils Astronomíu var glæsilegast, því hún átti blátt upphlutspils með rósaflauei, 10 silfurmillum með 20 laufum; var það verðmetið á 4 rbd.⁹¹ Eftir upptalningu þessara hluta er engin flík sem Munnveig á sameiginlega með Astronomíu og Oddfríði. Hinsvegar er nóg eftir sameiginlegt í dánarbúum Astronomíu og Oddfríðar, en má þar m.a. nærpils, silkiklútar, vettlingar, sokkar, húfur, skyrtur og lífstykki. Heildarmat á fatnaði í dánarbúi Astronomíu var 20 rbd. og 64 sk. en hjá Oddfríði 18 rbd og 92 sk. og 20 rbd og 16 sk hjá Munnveigu. Svo mikil líkindi voru í verðmati þrátt fyrir mikinn mun á fjölda.⁹²

⁸⁶ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla ED2/25. Dánarbú 1858 – 1863, örk 2, bls 8: Oddfríður Pálsdóttir.

⁸⁷ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/9. Dánarbú 1849, örk 7, bls. 28: Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir.

⁸⁸ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla ED2/25. Dánarbú 1858 – 1863, örk 2, bls 8: Oddfríður Pálsdóttir.

⁸⁹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Suður – Múlasýsla ED2/13. Dánarbú 1860, örk 7, bls 3: Munnveig Stefánsdóttir.

⁹⁰ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/9. Dánarbú 1849, örk 7, bls. 28: Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir.

⁹¹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Suður – Múlasýsla ED2/13. Dánarbú 1860, örk 7, bls 3: Munnveig Stefánsdóttir og ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Húnavatnssýsla ED2/25. Dánarbú 1858 – 1863, örk 2, bls 8: Oddfríður Pálsdóttir og ÞÍ.

Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/9. Dánarbú 1849, örk 7, bls. 28: Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir.

⁹² Sama heimild.

Samanburður 4

Fjórði og síðasti samanburður verður á þremur drengjum. Jón Kristjánsson, 22 ára vinnuhjú úr Þingeyjarsýslu með dánarbú metið á 404 ríkisbankadali. Jóhannes Brynjólfsson, 19 ára unglingur úr Ísafjarðarsýslu með dánarbú metið á 21 rbd. Metúsalem Árnason, 22 ára bóndi úr Suður – Múlasýslu með dánarbú metið á 157 rbd. Verður tekin sama röð og áður. Jarðir og búfénaður, búslóð, bækur og fatnaður.

Jóhannes fæddist 30. maí 1832. Foreldrar hans voru Brynjólfur Guðlaugsson og Elín Brynjólfsdóttir, hjón á Tungu í Valþjófsdal. Árið 1840 var hann 9 ára gamall og var enn búsettur hjá foreldrum sínum.⁹³ Jóhannes fermist 1842 og var þá búsettur hjá Guðmundi Jónssyni og Dórótheu Þórðardóttur á Kirkjubóli í Valþjófsdal.⁹⁴ Manntalið 1845 sýnir að Jóhannes var enn búsettur á Kirkjubóli í Valþjófsdal hjá Guðmundi og Dórótheu og var hann þá skráður sem vinnumaður en fimm árum seinna hafði hann verið kominn að Grafargili í sömu sókn. Húsráðendur þar voru Guðmundur Jónsson og Vilborg Markúsdóttir.⁹⁵ Jóhannes drukknaði 10. janúar 1852 í hákarlalegu ásamt átta öðrum mönnum sem ýmist voru búsettir á Kirkjubóli, Dalshúsum eða Grafargili. Allir níu skipsverjarnir létust þennan dag.⁹⁶ Dánarbú Jóhannesar var skrifað upp árið 1852 en nákvæm dagsetning kemur ekki fram. Með Jóhannesi þegar hann lést var eldri bróðir hans, Guðlaugur og annar drengur að nafni Benedikt Jónsson. Dánarbú þeirra þriggja hafa líklegast verið skrifuð sama dag, eða á svipuðum tíma því öll koma þau fyrir í nánast samfelldum texta. Erfingjar Jóhannesar voru Elín, 52 ára gömul móðir hans og tvær systur, Guðrún og Elísabet. Engar skuldir á dánarbúi hans koma fram.⁹⁷

Jón Kristjánsson fæddist 27. júlí 1844. Foreldrar hans voru hjónin Kristján Jónsson bóndason á Látrum og Dýrleif Jóhannesdóttir. Í prestsþjónustubók frá Höfða í Grenivík segir að Kristján og Dýrleif hafi eignast son 27. júlí 1843 sem var skírður Jón Kristjánsson. Hinn 4. ágúst lést Jón Kristjánsson, nýfætt barn frá Látrum. Ári seinna er annar Jón Kristjánsson fæddur, aftur 27. júlí. Árið 1846 flytja Kristján og Dýrleif til Keflavíkur í Þönglabakkasókn, en skilja Jón eftir á Látrum hjá foreldrum Kristjáns. Jón fermdist 1859 og er hann enn búsettur með afa sínum og ömmu, Jóni Jónssyni og Jóhönnu Jóhannesardóttur. Þar er þess getið að hann hafi verið fæddur 27. júlí 1844.⁹⁸ Jón lést 1. desember 1868, þegar hann var 22 ára gamall og

⁹³ Sjá www.manntal.is

⁹⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Holt í Önundarfirði BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1816 - 1849. bls 44 og 100.

⁹⁵ Sjá www.manntal.is

⁹⁶ ÞÍ. Kirknasafn. Holt í Önundarfirði BA/5-1-1. Prestsþjónustubók 1849 – 1897. bls 260.

⁹⁷ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Ísafjarðarsýsla ED2/2. Dánarbú 1851, örk 1, bls 14: Jóhannes Brynjólfsson, uppskrift 1852.

⁹⁸ ÞÍ. Kirknasafn. Höfði í Höfðahverfi BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1816 – 1865. bls, 40, 76, 145, 176.

segir þar að hann hafi drukknað. Með honum drukknaði annar ungur drengur. Sá hét líka Jón Kristjánsson og var hann tvítugur.⁹⁹ Dánarbú Jóns var skrifað upp 19. desember 1868. Þar kemur fram að hann hafi drukknað af þilskipini Ingólfi. Erfingjar Jóns voru fjögur alsystkini og eitt hálsystkini. Kristján 18 ára, Guðný 23 ára ógift, Sæunn 15 ára og Anna Soffía 14 ára, öll Kristjánsbörn og Sigurbjörg Ólafsdóttir 11 ára. Heildarmat á dánarbúinu var 449 rbd. Skuldaðr námu 56 rbd. og 95 sk. Umsjónarmenn uppskriftar voru Þ. Jónsson og Sv. Sveinsson, Hreppstjórar í Grýtubakkahrepp¹⁰⁰

Metúsalem fæddist 25. september 1833. Foreldrar hans voru hjónin Árni Magnússon og Sigríður Sveinsdóttir, hjón á Hrappstöðum í Hofssókn í Norður – Múlasýslu.¹⁰¹ Metúsalem fermdist árið 1847. Bjó hann þá ennþá á Hrappstöðum með foreldrum sínum og systkinum. Metúsalem var þar til ársins 1851.¹⁰² Árið 1852 var hann skráður á Hrappstöðum hjá öðrum bónda á jörðinni. Þá var móðir hans látin og faðir hans giftur annarri konu. Næstu tvö ár var hann hjá föður sínum.¹⁰³ Hinn 1. maí 1855 giftist Metúsalem Sigríði Björnsdóttur. Eru þau bæði skráð sem vinnuhjú á bænum Borgum í Hofssókn.¹⁰⁴ Metúsalem lést 4. nóvember 1855. Dánarbú Metúsalems var upp skrifað 13. desember 1855. Var það hreppstjórinn Vilhjálmur Oddsen með virðingarmanninum Sveini Jónssyni sem mættu að Borgum. Heildar upphæð dánarbús hans var 157 rbd. Hinn 12. febrúar 1856 sendi Oddsen Hreppstjóri bréf til sýslumanns í Norður – Múlasýslu, Þ. Jónssonar, upplýsingar um þær skuldir sem hvílt höfðu á dánarbúi Metúsalems. Ekkjan Sigríður Björnsdóttir hafði tilkynnti hreppstjóra að þær skuldir sem hvíldu á búinu voru samtals; 22 rbd.¹⁰⁵ Metúsalem hafði eignast son ásamt Sigríði. Manntalið 1860 sýnir að drengurinn fékk nafnið Stefán M. Metúsalemsson og voru þau jafnframt einu erfingjar dánarbúsins.¹⁰⁶

Jóhannes og Metúsalem áttu engar jarðir. Jón átti part í jörðinni Fagrabæ í Grýtubakkasókn. Átti hann 6 hundruð 13 ál, að verðmæti 390 rbd. Einnig átti hann 20 rbd í reiðufé. Er þá upp talið nánast allt varðmat í dánarbúi hans.¹⁰⁷ Jón var sá eini af þeim sem ekki átti neinn búfénað. Jóhannes hafði átt eina ær og einn gemling og samanlagt verðmat þeirra var

⁹⁹ ÞÍ. Kirknasafn. Höfði í Höfðahverfi BA/3-1-1. Prestsþjónustubók 1816 – 1878. blaðsíðutals ekki getið.

¹⁰⁰ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla B/42. Dánarbú 1869, örk 8, bls efst: Jón Kristjánsson.

¹⁰¹ Sama heimild.

¹⁰² ÞÍ. Kirknasafn. Hof í Vopnafirði BA/2-1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1844. bls 408.

¹⁰³ ÞÍ. Kirknasafn. Hof í Vopnafirði BA/4-1-1. Prestsþjónustubók 1845 – 1880. bls 122.

¹⁰⁴ ÞÍ. Kirknasafn. Hof í Vopnafirði BC/4-1-1. Sóknarmannatal 1846 – 1862. bls 299, 324, 351.

¹⁰⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Hof í Vopnafirði BA/4-1-1. Prestsþjónustubók 1845 – 1880. bls 187.

¹⁰⁶ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Norður – Múlasýsla ED2/5. Dánarbú 1853 - 1857, örk 37: Metúsalem Árnason, uppskrift 13. desember 1855.

¹⁰⁷ Sjá www.manntal.is

¹⁰⁷ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla B/42. Dánarbú 1869, örk 8, bls efst: Jón Kristjánsson.

5 rbd. Metúsalem átti 8 gemlinga og 8 ær, sem saman voru verðmetin á 58 rbd. Er þetta ekki mikill búfænaður miðað við aðra bændur eins og til dæmis Vilborgu. Munnveig var að vísu einnig bóndi og hún átti engan búfænað. Metúsalem var yngsti bóndinn sem skoðaður var fyrir þessa rannsókn og miðað við ungan mann sem nýlega var búinn að stofna sitt eigið bú, má þetta þó teljast nokkuð góð byrjunarstaða á búfænaði.¹⁰⁸

Af búsmunum drengjanna var það Jóhannes sem átti fæsta hluti. Mátti finna kistu, koffort og kotta í hans dánarbúi.¹⁰⁹ Í dánarbúi Jóns var kómmóða, málaður skápur, tópakspípa, lítill stokkur með rusli, gammal hnakkur og undirdúnn, skrifpúlt og signet, rekkjuvoðar efni og gömul yfirsæng.¹¹⁰ Dánabú Metúsalems innihélt lang flesta muni sem flokkast undir búslóðina. Af rúmfatnaði átti hann fiðursæng með veri, fiðurkotta með lélegu veri, vaðmálaskoddavoð, léreftskoddavoð og æðardúnsæng sem metin var á 9 rbd. Átti hann einnig hnakk með „öllu tilheyrandi“, gamlan kvennsöðul og kvenn beisli. Rauðmálaða kistu, koffort og 20 marka pott. Metúsalem hlýtur að hafa verið ágætis smiður því í dánarbúi hans var einnig að finna fellhefil, slétthefil, kílfhefil, þjöl og sporjárn.¹¹¹ Dánarbú Jóhannesar og Metúsalems innihéldu engar bækur. Jón átti hinsvegar nokkrar bækur, það er biblíukjarna, passíúsálma, misserskíptaoffer, barnalærdómsbækur, vasakver og Ármannssögu.¹¹²

Af fatnaði átti Jóhannes mest eða 31 færsla í heildina þar sem einhverjar þeirra innihéldu fleiri en eina flík. Fatnaðar segir þó ekkert til um gæði. Aðeins sjö flíkur hans voru verðmetnar á meira en einn ríkisbankadal.¹¹³ Meirihluti fatnaðar sem sjá má í dánarbúum þeirra er eins. Allir áttu þeir treyjur, skyrtur, buxur, vesti, nærföt, sokka og vettlinga og svo einhvers konar höfuðfat. Jóhannes átti tvo hatta og húfu, sem allt saman var verðmetið á 2 rbd. og 12 sk. Jón átti einn gamlan hatt sem verðmetinn var á 1 rbd. Metúsalem átti svo eina derhúfu sem verðmetin var á 80 sk. Þarna er að líklegast ekki verið að tala um derhúfur eins og við þekkjum í dag heldur er líklegra að derhúfa Metúsalems hafi frekar verið í líkingu við það höfuðfat sem í dag þekkest helst undir nafninu sixpensari. Metúsalem var eina ungmennið sem skráð var sem bóndi og átti eitthvað af skóbúnaði. Átti hann forsóluð vatnsstígvél sem verðmetin voru á 3 rbd., en eins og áður hefur komið fram voru stígvél ekki algeng að finna í dánarbúum, en þrátt fyrir það voru stígvél Metúsalems annað parið sem fannst í dánarbúum þeirra ungmenna sem

¹⁰⁸ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Norður – Múlasýsla ED2/5. Dánarbú 1853 - 1857, örk 37: Metúsalem Árnason.

¹⁰⁹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Ísafjarðarsýsla ED2/2. Dánarbú 1851, örk 1, bls 14: Jóhannes Brynjólfsson.

¹¹⁰ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla B/42. Dánarbú 1869, örk 8, bls efst: Jón Kristjánsson.

¹¹¹ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Norður – Múlasýsla ED2/5. Dánarbú 1853 - 1857, örk 37: Metúsalem Árnason.

¹¹² Sama heimild.

¹¹³ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Ísafjarðarsýsla ED2/2. Dánarbú 1851, örk 1, bls 14: Jóhannes Brynjólfsson.

tekin voru fyrir. Jón átti einnig svarta skó sem verðmetnir voru á 64 sk. Í neðstu 8 færslum dánarbús Metúsalems er að finna kvenmanns flíkur. Vafalaust tilheyrðu þessar flíkur eiginkonu hans, Sigríði Björnsdóttur, en þar mátti finna tvo kjóla, einn nýjan verðmetinn á 5 rbd., annan vaðmálskjól verðmetinn á 3 rbd. Auk kjólanna voru vaðmálsþils, kvenmanns klæðistrejur, nærpils, kvenhattur og léreftsskyrta og silkiklútur. Teljast þetta heldur finir kjólar miðað við kjóla stúlkanna sem hér hefur verið fjallað um, að undanskildum rauðröndóttum kjól Munnveigar.¹¹⁴ Dánarbú Jóns innihélt aðallega þann fantað sem þegar er getið og allir þrír drengirnir áttu sameiginlegan en auk þess átti hann þar af svörtum skóm sem verðmetnir voru á 64 sk.¹¹⁵ Heildar upphæð fatnaðar Metúsalems var 25 rbd. og 72 sk. en Jóns var 17 rbd. og 18 sk. og Jóhannesar var 12 rbd. og 52 sk.

5. Ályktanir

Ungmennin sem hér hefur verið fjallað um létust flest með mismunandi hætti. Meirihluti andláta þeirra voru skyndileg. Helmingur drengjanna drukknaði og meirihluti stúlkna lést vegna veikinda og líklegt er að ein þeirra hafi látist vegna fylgikvilla fæðingar. Jóhanna Jónsdóttir var til dæmis flutt til Reykjavíkur frá Keflavík til þess að gangast undir einhverskonar lækningar en ekki var tekið fram um hvers kyns lækningu var að ræða. Dánarorsök Munnveigar kom ekki fram en mögulega má tengja andlát hennar við fæðingu dóttur hennar. Í flestum tilfellum er hægt að ganga út frá því að næstu skref ungmennanna hafi verið að gifta sig, stofna bú og fjölskyldu, sem sum höfðu nú þegar gert. Í öðrum tilfellum má hins vegar sjá að ungmennin voru ekki á þeim stað að hægt væri að gera það, að minnsta kosti ekki strax og sum þeirra líklegast aldrei.

Vilborg Pálsdóttir var 25 ára gift og fjögurra barna móðir sem nýlega var búin að festa kaup á nýrri jörð ásamt eiginmanni sínum. Nákvæmar upplýsingar um veikindi hennar er ekki vitað en með hjálp nútíma lækninga hefði eflaust verið hægt að koma í veg fyrir andlát hennar. Ef ekki hefði verið fyrir andlát hennar hefði hún flutt ásamt fjölskyldu sinni á nýju jörðina og haldið áfram þar að rækta fjölskylduna, mögulega hefði hún eignast fleiri börn og haldið áfram að lifa þægilegu lífi, miðað við það sem hægt er að sjá af eigum hennar í dánarbúi.

Metúsalem Árnason var eitt af þeim ungmönnum sem var nú þegar genginn í hjónaband en var þó enn búsettur og skráður sem vinnuhjú á öðrum bæ. Má vel áætla að hans næstu skref

¹¹⁴ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Norður – Múlasýsla ED2/5. Dánarbú 1853 - 1857, ör 37: Metúsalem Árnason.

¹¹⁵ ÞÍ. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla. B/42 Dánarbú 1869, ör 8, bls efst: Jón Kristjánsson.

hafi verið að útvega sér og ófrískri eiginkonu sinni bú til þess að ala upp barn sitt og þá mjög líklegast eignast fleiri börn. Því miður bendir allt til þess að Metúsalem hafi aldrei fengið að hitta son sinn, en hann var enn á fyrsta ári þegar hann lést. Metúsalem var eitt af þeim ungmennum sem lifðu hvað lengst hjá foreldrum sínum, það var í raun ekki fyrr en 1855, sama ár og hann lést sem hann var búsettur annarstaðar en á Hrappstöðum og getur það hafa verið merki um það að hann hafi ákveðið að fara í vinnumennsku til þess að öðlast sjálfstæði og gera sig tilbúinn til þess að stofna sitt eigið bú. Einnig átti hann nokkuð magn af kindum sem eflaust hefðu gagnast vel í búskap ef hann hefði náð því. Hefði hann mögulega erft föður sinn og orðið bóndi að Hrappstöðum.

Munnveig Stefánsdóttir var eitt af þeim vinnuhjúum sem nýlega hafði náð að vinna sig upp í stöðu bónda, eða réttara sagt bóndakonu. Munnveig hafði gifst syni húsráðanda á bænum Eyvindará þar sem hún vann á sem vinnuhjú og hefði eiginmaður hennar að öllum líkindum erft foreldra sína þegar þau létust. Hefði hún þá getað lifað farsælu lífi ásamt eiginmanni sínum og dóttur og vafalaust eignast fleiri börn. Þrátt fyrir fremur tómmt dánarbú, með engum búfénaði voru vafalaust einhverjar kindur eða annar búfénaður á Eyvindará sem Munnveig og maður hennar hefðu líklegast erft eftir foreldra hans og með hjálp þeirra hefðu þau getað lifað ágætis lífi sem bóndahjón.

Jóhanna Jónsdóttir bjó líklegast aldrei hjá foreldrum sínum, því hún var alltaf skráð sem tókubarn í þeim heimildum sem fundust um hana. Eina skiptið sem hún var ekki skráð sem tókubarn var í prestsþjónustubók Seltjarnarnesþings þegar skrifað var um andlát hennar því eins og áður hefur komið fram var hún þar skráð sem ógift kona. Í dánarbúi sínu var Jóhanna aðeins tilgreind sem stúlka og því ekki nákvæmlega vitað hver vinnutitill hennar var en ef ekki hefði verið fyrir andlát hennar eru ekki miklar líkur á því að hún hefði orðið neitt annað en vinnuhjú á sinni lífsleið, ef taka má mið af öðrum ungmennum og öðrum tókubörnum sem fundust til dæmis í dánarbúi Metúsalems sem urðu svo vinnumenn eftir fermingaraldur.

Þegar Helga Þórarinsdóttir lést úr brjóstveiki var hún 23 ára gömul og nýlega komin í vist að Hringsdal í Höfðasókn. Vann hún þar sem vinnukona í tvö ár. Líf hennar hefði getað farið í hvaða átt sem er frá þessum punkti. Hún hefði getað haldið áfram í vinnumennsku í mörg ár. Einnig hefði hún getað kynnst dreng, gift sig, stofnað bú og fjölskyldu með honum því hún átti part í Þórunnarseli sem hún hafði fengið í arf eftir föður sinn og systkini hennar sem náð höfðu aldri voru nú þegar gift og kominn með sín eigin bú og var ekkert þeirra búsett að Þórunnarseli svo Helga hefði mögulega getað farið þangað.

Jón Hákonarson var á miklu flakki um ævina og bjó að minnsta kosti á fjórum bæjum. Mun aldrei vera hægt að komast að því hvort það hafi verið vegna þess að hann vildi stanslaust vera í nýju umhverfi, eða hvort það hafi verið vegna þess að erfitt var fyrir bændur að hafa hann í vist hjá sér. Miðað við allt það flakk sem var á honum er ekki svo ólíklegt að hann hefði aldrei náð að setjast að til þess að stofna sitt eigið bú. Annar möguleiki er að hann hafði valið það sjálfur að skipta svo oft um bæi og ekki fundist vinnnumennskan henta sér en miðað við dánarbú hans sem aðeins var metið á 13 rbd. með ekkert nema fantað og kistu er ólíklegt að hann hefði getað gert annað en að vera vinnumaður.

Einar Nikulásson var 19 ára gamall bóndi þegar hann lést og fyrirvinna móður sinnar. Einar var ekki efnaðasta ungmennið sem hér hefur verið rætt um, en hann er með þeim líklegustu til þess að hafa náð langt í lífinu, á mælikvarða 19. aldar íslendinga. Var hann elsti sonur foreldra sinna svo hann hefði að öllum líkindum erft móður sína og getað haldið áfram með búskap á Þverá með mögulegri eiginkonu. Manntalið 1850 sem tekið var þremur árum eftir andlát hans sýnir að eldri systir hans hélt áfram búskap á Þverá ásamt eiginmanni sínum og börnum. Yngri bróðir Einars var einnig búsettur þar sem vinnumaður. Hefði líf systur hans því vel getað orðið raunveruleiki hans.¹¹⁶

Sömu ályktanir má gera um Eirík Rafnkelsson og hafa verið gerðar um Einar. Var hann elsta barn foreldra sinna og var hann enn búsettur hjá móður sinni og eftir andlát hennar hefði hann getað orðið húsráðandi á Holtum í Einholts sókn. Ef ekki, hafði hann þegar erft part úr jörðinni Smyrlaberg í Kálfafellssókn í Austur – Skaftafellssýslu, þar sem faðir hans var húsbóndi ásamt fyrri eiginkonu sinni, áður en hann flutti að Holtum og giftist móður Eiríks og hefði hann mögulega getað flutt þangað eða selt sinn part í þeirri jörð og með þeim pening orðið sér úti um annað húsnæði.¹¹⁷

Fyrsta skráning sem fannst um Oddfríði Pálsdóttur var að hún var niðursetningur. Gísli Ágúst Gunnlaugsson hefur útskýrt að fólk sem hafði einhverntíman verið niðursetningur hafi átt í miklum erfiðleikum með það að verða eitthvað annað en vinnuhjú á lífsleiðinni. Þar af leiðandi ætti Oddfríður ekki að hafa orðið nein undantekning þar ef hún hefði ekki látið lífið svo ung.¹¹⁸ Eini möguleiki Oddfríðar á að losna úr vinnumenskunni hefði verið ef hún hefði gert eins og Munnveig, gift bóna eða ná með einhverjum hætti að safna nægum pening til þess

¹¹⁶ Sjá www.manntal.is

¹¹⁷ Sama heimild.

¹¹⁸ Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Family and Household in Iceland 1801 – 1930* (Uppsala: Uppsala universitet, 1988), 94 – 95.

að kaupa sig úr vinnumennsku, en miðað við upphæð dánarbús hennar hefði það ekki verið raunhæft markmið.

Sem vinnuhjú var Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir ekki líkleg til þess að gifta sig og stofna fjölskyldu. En þá er gott að muna að hún var aðeins 18 ára gömul þegar hún lést en átti þó part í jörðinni Fagranes í Sauðanessókn, þar sem hún var búsett fyrstu ár ævi sinnar. Einnig átti hún 58 rbd. hjá timburmanninum Jóni Benjamínssyni á Sauðanesi og búfénað. Voru allir þessir þættir líklegast heillandi í augum ungra drengja og hefði það getað hjálpað henni að koma upp sínu eigin búi með eiginmanni og börnum og hún gefði getað orðið bústýra á Fagranesi.¹¹⁹

Svipaða sögu má segja um Jóhannes Brynjólfsson og Jóhönnu. Var hann búsettur hjá foreldrum sínum fyrstu árin en þegar hann var 14 ára gamall var hann skráður sem vinnumaður á öðrum bæ og gegndi hann þeirri stöðu þar til hann lést 21 árs gamall. Jóhannes fór í vist eftir að faðir hans lést, var hann í manntalinu 1835 en ekki í manntalinu 1840. Mögulega erfði hann kindurnar sem hann átti frá föður sínum. En svo er spurningin hvað hann ætlaði sér að gera með þessar kindur. Hvort sem það var að halda áfram að vera vinnumaður og fá að hafa kindur sínar þar eða að hann hafi verið að gera sig tilbúinn til þess að stofna eigið bú og fjölskyldu. Ólíklegt er að hann hefði erfð bú móður sinnar, líklegast hefði eldri bróðir hans gert það en þá hefði Jóhannes jafnvel getað orðið eins og bróðir Einars, verið vinnumaður hjá systkini sínu.

Jón Kristjánsson er mögulega sá drengur sem lítur hvað mest út fyrir að hafa verið tilbúinn til þess að flytja að heiman og stofna sitt eigið bú og fjölskyldu. Átti hann stóran part í jörðinni Fagrabæ í Grýtubakkasókn að andvirði 390 rbd. Ekki er vitað hvaðan eða hvernig hann varð sér úti um þá jörð því engin tenging fannst á milli hans og bæjarins en ef hann hefði fengið tímann, er aldrei að vita nema hann hefði náð að setjast að á Fagrabæ, verða sér úti um nokkrar kindur því þær voru engar í dánarbúi hans. Hefði hann getað stofnað fjölskyldu á Fagranesi, en hann var ekki giftur þegar hann lést.

¹¹⁹ Þí. Sýsluskjalasafn. Þingeyjarsýsla ED2/9. Dánarbú 1849, ör 7, bls. 28: Astronomía Ingibjörg Eymundsdóttir.

6. Niðurstöður

Í byrjun rannsóknar var markmiðið að sýna fram á það að ekki hafi verið svo mikill munur á milli dánarbúa ungmennanna sem hér hefur verið fjallað um. Reyndist sú tilgáta ekki vera rétt því þegar betur var að gáð var mikill munur á milli. Í ljós kom að einn helsti munurinn kom út frá mismunandi fjölskylduaðstæðum. Þau ungmenni sem fædd voru inn í efnameiri fjölskyldur voru líklegri til þess að erfa bú foreldra sinna þegar þau létust og gátu þau þá fyrr stofnað sitt eigið bú á þeim bæ. Átti þetta jafn mikið við um stúlkurnar og drengina en bæði kyn höfðu erft jarðarparta eftir foreldra sína. Af tólf ungmönnum voru fimm þeirra sem áttu part í jörð og þrjú ungmenni til viðbótar voru líkleg til þess að erfa jarðir eftir foreldra sína. Í tilfelli Munnveigar Stefánsdóttur var eiginmaður hennar líklegur til þess að erfa jörð foreldra sinna og þau þá fengið að halda áfram með bú sitt þar. Einnig var það búfénaður sem gat hækkað verðmat á dánarbúi mikið. Það að eiga sauðfénað gat hækkað mat á dánarbúi um nokkra ríkisbankadali og var það oft tilfellið með herra metin dánarbú ungmenna í þessari ritgerð sem ekki áttu jarðir. Ef dánarbú Jóhannesar er tekið sem dæmi, þá var heildarmat á dánarbúi hans aðeins 21 rbd. og af því voru 5 rbd. sem fóru í eina ær og einn gemling. Einnig var talað um að í dánarbúi Metúsalems hafi verið sauðfénaður sem í heildina var metinn á 58 rbd. og var því endanlegt mat á dánarbúi hans 157 rbd. Hækkaði mat á dánarbúi hans því um rúmlega þriðjung aðeins út frá búfénaði.

Staða ungmenna á 19. öld er mjög svipuð stöðu ungmenna í dag. Því efnameiri sem foreldrarnir eru og voru, því meiri líkur eru á því að börn þeirra nái árangri í lífinu, fjárhagsleg aðstoð foreldra spilar jafn mikið hlutverk í lífi ungmenna í dag og það gerði á 19. öld. Í fjórða kafla ritgerðarinnar, þar sem rætt var um ályktanir á ungmennunum, er farið yfir það hversu líkleg eða ólíkleg þau voru til þess að ná þeim árangri að verða bændur, sem má líkja við því þegar ungmenni í dag eru að festa kaup á fyrstu íbúð. Tækni, læknisfræðileg kunnátta, mataræði og fleira gerir það að verkum að ungmenni í dag eru líklegri til þess að fá þessa fjárhagslegu aðstoð frá foreldrum sínum á meðan þau eru enn á lífi og er það eitthvað sem ungmenni í dag hafa fram yfir ungmenni í þessari ritgerð því í þeim tilfellum sem ungmenni ritgerðarinnar áttu jarðarpart var vegna þess að hann höfðu þau fengið í arf frá foreldrum sínum. Ef ungmennin tólf eru aftur borin saman við ungmenni í dag er einnig hægt að bæta því við að ekki öll ungmenni í dag eiga bíl, hjól eða rafmagnshlaupahjól sem nú eru algeng ásamt öðrum munaðarvörum eins og nýjasti síminn eða fartölva. Ungmennin hér áttu ekki öll hesta. Þau átti

ekki öll kindur eða kistil undir fötin sín eða aðrar eigur sínar. Í einhverjum tilfellum voru ekki einu sinni nærbuxur skráðar í dánarbúin, sem í dag er talið vera sjálfsagður hlutur í eigu allra.

En þegar dánarbú ungmennanna voru skoðuð umfram jarðir, búfénað og búsmuni og aðeins fatnaður þeirra er skoðaður sést heljarinnar munur á dánarbúunum. Upphlutspilsíð sem Astronomía átti er ekki hægt að bera saman við röndóttu pilsíð sem Munnveig átti. Þótt kjólar Helgu hafi eflaust verið glæsilegir og vel gerðir, voru þeir ekkert í líkingu við kjóla Vilborgar en verðmat kjólanna sýnir að mikill munur var á. Einn kjóll í dánarbúi Vilborgar er verðmetinn á jafn mikið og tveir kjólar hjá Helgu. Sama mun má sjá á klæðnaði drengjanna. Metúsalem átti lítið notaða treyju sem metin var á 8 rbd á meðan Jóhannes átti bláa treyju sem verðmetin var á 1 rbd. og 48sk. svo augljóst er hvor treyjan var betri. Jón Hákonarsson átti vesti sem metið var á 48. sk, Eiríkur átti vesti sem metið var á 1 rbd. og Einar átti vesti sem metið var á 24 sk. og er því augljóst að Eiríkur átti flottasta vestið af þeim þremur.

Það er því alveg ljóst að mikill munur var á dánarbúum ungmenna á 19. öld og margir þættir sem spila inn í en í grunninn voru það fjölskyluaðstæður þeirra á uppeldisárum sem spiluðu hvað mestan þátt. <

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

ÞÍ. Þjóðskjalasafn Íslands.

Sýsluskjalasafn:

Húnavatnssýsla

ED2/25. Dánarbú 1858 – 1863.

Ísafjarðarsýsla

ED2/2. Dánarbú 1851 – 1854.

Norður – Múlasýsla

ED2/5. Dánarbú 1853 – 1857.

Reykjavík

B/22. Bréf 1860.

Skaftafellssýsla

ED2/8. Dánarbú 1862 – 1865.

Suður – Múlasýsla

ED2/13. Dánarbú 1859 – 1860.

Þingeyjarsýsla

B/42. Bréf 1869.

ED2/9. Dánarbú 1847 – 1849.

ED2/8. Dánarbú 1845 – 1847.

ED2/13. Dánarbú 1861 – 1872.

Kirknasafn:

Einholt á Mýrum

BA/2-1. Prestsþjónustubók 1847 – 1881.

Eiðar í Eiðarþinghá

BA/2-1. Prestsþjónustubók. 1817 – 1862.

BA/3-1. Prestsþjónustubók 1859 – 1888.

BC/3-1. Sóknarmannatal. 1853 – 1866.

Garður í Kelduhverfi

BA/1-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1846.

BA/3-1. Prestsþjónustubók 1847 – 1883.

BC/2-1. Sóknarmannatal. 1829 – 1880.

Hof í Vopnarfirði

BA/2-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1844.

BA/4 1. Prestsþjónustubók 1845 – 1880.

BC/4-1. Sóknarmannatal 1846 – 1862.

Holt í Önundarfirði

BA/2-1. Prestsþjónustubók. 1816 - 1849.

BA/5-1. Prestsþjónustubók. 1849 – 1897.

Höfði í Höfðahverfi

BA/2-1. Prestsþjónustubók. 1816 – 1865.

BA/3-1. Prestsþjónustubók. 1816 – 1878.

Kirkjubólshing í Langadal

BA/2-1. Prestsþjónustubók 1817 – 1859.

BC/2-1. Sóknarmannatal 1838 – 1859.

Seltjarnarneshing/Dómkirkjan í Reykjavík

BA/8-1. Prestsþjónustubók 1839 – 1860.

Skinnastaður í Öxarfirði

BA/2-1. Prestsþjónustubók. 1816 – 1868.

Svalbarð í Þistilfirði/Raufarhöfn

BA/6-1. Prestsþjónustubók 1816 - 1849.

Útskálar í Garði

BA/5-1. Prestsþjónustubók 1850 – 1880.

Skemman – Safn námsritgerða og rannsóknarita:

Anna Heiða Baldursdóttir, *Eigurnar koma svona fyrir. Efnismenning borgfirskra dánarbúa á 19. öld – Varðveisla og miðlun hennar í Þjóðskjalasafni Íslands*. MA-ritgerð í sagnfræði, Háskóli Ísland, 2016.

Urður Egilsdóttir, „*Að konuefnið kynni að breyta ull í fat og mjólk í mat*“ *Makaval í Hítarnesþingum 1840 – 1854*. BA-ritgerð í Sagnfræði, Háskóli Íslands, 2021.

Prentaðar heimildir

Anna Heiða Baldursdóttir, Atli Þór Kristinsson, Daníel Guðmundur Daníelsson, Marín Árnadóttir, Sólveig Ólafsdóttir, and Sigurður Gylfi Magnússon. *Þættir af sérkennilegu fólki : menning fátæktar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Ást og hjónaband á fyrri öldum. Um ástina og hjónabandið í erlendum sagnfræðirannsóknum og íslensku samfélagi 1780–1900.“ *Ný Saga 2* (1988): 76–87.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801–1930*. Uppsala: Uppsala universitet, 1988.

Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, *Hagskinna: sögulegar hagtölur um Ísland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997.

Guðmundur Jónsson. *Vinnuhjú á 19. öld*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1981.

Halldór Guðmundsson, *Nákvæm lýsing á peningum, vigt, máli o.f. í Danaveldi og nokkrum öðrum ríkjum*. Reykjavík: Prentað í Prentsmiðju landsins á kostnað E. Jónssonar, 1850.

Lovsamling for Island, XIX. Bindi. Tekið saman af Oddgeiri Stephensen. Kaupmannahöfn: Höst, 1855.

Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1749–1900: Lagalegar forsendur og varðveisla“ í *Saga* 50:1 (2012): 78–103.

Már Jónsson, *Fyrirfundnir fémunir í Vestmannaeyjum á fjórða áratug 19. aldar*. Vestmannaeyjum: Þekkingarsetur og Safnahús, 2017.

Már Jónsson, *Sterbúsins fémunir framtöldust þessir. Eftirlátnar eigur 96 Íslendinga sem létust á tímabilinu 1722 – 1820*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015.

Már Jónsson, *Þessi sárfátæka sveit. Lausaffjäreign í Grindavík og Krýsuvík árin 1773 – 1824*. Grindavík: Grindavíkurbær, 2018.

Sigurður Gylfi Magnússon. *Menntun, ást og sorg : einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 1997.

Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk: vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*. Reykjavík: Sögufélag, 2017.

Vefheimildir

Dánarbúsgagnagrunnur Þjóðskjalasafns Íslands. www.danarbu.skjalasafn.is

Íslendingabók. www.islendingabok.is

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is

